

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B84-88

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 84-88

Nr. 657-689

2005

Efnisyfirlit B 84–88 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
657	1. júlí	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka	1481
658	8. júlí	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1482-1483
659	12. júlí	Reglugerð um gæðamat á æðardúni	1483-1487
660	11. júlí	Auglýsing um skipulag í Garðabæ	1488
661	12. júlí	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1489-1490
662	13. júlí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1491
663	7. júlí	Auglýsing um vatnsléttingu kindakjöts vegna innvigtunar í sláturhúsum	1491
664	13. júlí	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1492
665	15. júlí	Auglýsing um veiðigjald og þorskígildi	1493-1494
666	15. júlí	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1494
667	14. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005, um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar	1494-1495
668	5. júlí	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara	1495-1496
669	8. júlí	Reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu	1497-1501
670	30. júní	Reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja	1502-1509
671	30. júní	Hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn	1509-1514
672	6. júlí	Auglýsing um skipulag í Garðabæ	1514
673	12. maí	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og stofngjald vatnsveitu í Mýrdalshreppi	1514-1517
674	6. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti	1517
675	5. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Krossaneshaga, Akureyri	1518
676	5. júlí	Reglugerð um tímabundna niðurfellingu aðflutningsgjalda af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þær	1518-1520
677	2. júní	Gjaldskrá fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi	1520-1521
678	7. júlí	Auglýsing um skipulag í Borgarbyggð	1522
679	5. júlí	Auglýsing um deiliskipulag við Galtarholt II, Borgarbyggð .	1522
680	4. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Skólar 1 í Fjarðabyggð	1522-1523
681	1. júlí	Reglugerð um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum og/eða jurtastanólestrum	1523-1525
682	6. júlí	Auglýsing um deiliskipulag Vaðlabrekku, íbúðarsvæðis í landi Veigastaða II, Svalbarðsstrandarhreppi	1525

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 2005

1. júlí 2005

1481

Nr. 657

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 8. júlí 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar austan Þórsbanka á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 37'00 N – 09° 50'00 V
2. 64° 04'00 N – 09° 50'00 V
3. 64° 04'00 N – 10° 20'00 V
4. 64° 37'00 N – 10° 20'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.

Þórður Eypórsson.

Steinar I. Matthíasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2005

Nr. 658

1482

8. júlí 2005

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.115.3, Ellingsenreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. apríl 2005 deiliskipulag reits 1.115.3, Ellingsenreitur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grafarholt austur, Þórðarsveigur/Gvendargeisli.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 8. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi vegna Grafarholts austur, gatnamót Þórðarsveigs og Gvendargeisla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bauganes 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 29. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Einarsness, vegna lóðarinnar að Bauganesi 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bauganes 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 22. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Einarsness, vegna lóðarinnar að Bauganesi 5. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Stapasel 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 8. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis, vegna lóðarinnar að Stapaseli 12. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.172.2, Laugavegur 40 og 40a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 21. apríl 2004 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2, vegna sameiningar lóðanna að Laugavegi 40 og 40a. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 8. júlí 2005.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um framkvæmd gæðamats á íslenskum æðardúni, starfsskyldur og hæfiskröfur dúnmatsmanna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Dreifing: Sala eða afhending á fullhreinsuðum æðardúni.

Dúnmatismaður: Aðili sem fengið hefur starfsleyfi frá landbúnaðarráðuneytinu.

Fullhreinsun: Þegar dúnn hefur verið þurrhreinsaður á þann hátt að engir hnókrar, óhreinindi, kusk, ókunn efní, ryk eða fjaðrir finnast í dúninum.

3. gr.

Dreifing.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun, sbr. 2. gr. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi. Vottorð dúnmatsmanna skal vera samkvæmt fyrirmynd í viðauka C. Þvoi dreifingaraðili æðardún eftir fullhreinsun sbr. 2. gr. og gæðamat skal hann ávallt fá dúnmatsmann aftur til að innsigla og staðfesta magn æðardúnsins eftir þvottinn.

4. gr.

Starfsleyfi dúnmatsmanna.

Þeir aðilar sem áhuga hafa á að sækja um starfsleyfi til dúnmats, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn þess efnis. Landbúnaðarráðuneytið gefur út starfsleyfi til allt að fimm ára til handa dúnmatsmönnum til starfa á starfssvæðum sbr. viðauka B að fengnum tilögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna.

5. gr.

Hæfniskröfur dúnmatsmanna.

Hæfniskröfur dúnmatsmanna felast m.a. í því að hafa verulega reynslu af æðardúnstekju, meðhöndlun æðardúns og þekkingu á eiginleikum hans. Auk þess skulu dúnmatsmenn sækja námskeið hjá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem farið er yfir helstu atriði er snúa að æðar-fugli, æðardúnstekju, geymslu, meðhöndlun hreinsun og eiginleikum æðardúnsins. Á námskeiðinu skal dúnmatsmönnum veitt leiðsögn um mat á æðardúni þannig að gætt sé samræmis við mat alls staðar á landinu. Dúnmatsmenn skulu sækja námskeið um dúnmat á a.m.k. fimm ára fresti eða ávallt áður en starfsleyfi fellur niður og sótt er um starfsleyfi til dún-mats.

Dúnmatsmenn skulu ávallt gæta að hæfisreglum 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og áhrifum vanhæfis sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga.

6. gr.

Starfssvæði dúnmatsmanna.

Fjöldi dúnmatsmanna skal vera allt að 12 og koma starfssvæði þeirra fram í viðauka B. Allt að fimm dúnmatsmenn skulu starfa á starfssvæði Norðvesturlands. Allt að þrjú dúnmat-smenn skulu starfa á starfssvæði Norðausturlands. Allt að þrjú dúnmatsmenn skulu starfa á Suðvesturlandi þ.m.t. Reykjavík en a.m.k. einn dúnmatismaður skal starfa á Suðurlandi.

7. gr.

Dúnmat.

Matsbeiðandi skal óska eftir mati dúnmatsmanns áður en til dreifingar kemur eftir full-hreinsun sbr. 2. gr. Ávallt skal hafa í huga hæfisreglur stjórnsýslulaga við slíka umsýslu.

Við gæðamat á fullhreinsuðum æðardúni sbr. 2. gr., skal dúnmatismaður m.a. ganga úr skugga um að engir hnökrar, óhreinindi, kusk, ókunn efni, ryk eða fjaðrir finnist í æðardún-inum. Hann skal auk þess taka tillit til eiginleika æðardúnsins fjaðurmögnunar og litar hans.

Til að ganga úr skugga um að ekkert ryk fyrirfinnist í æðardúninum skal dúnmatismaður taka u.þ.b. 30 – 50 gr. visk af æðardúni og hrista í 15 sek. yfir hvítu blaði.

Til að ganga úr skugga um að engir hnökrar, kusk, ókunn efni eða fjaðrir leynist í æðar-dúninum skal dúnmatismaður nota sjónmat og snertiskyn. Til að kanna hreinleika dúnsins skal hann taka u.þ.b. 30 – 50 gr. visk af æðardúni og skoða vel, ekkert kusk, ókunn efni eða fjaðrir mega vera í dúninum svo hann standist gæðamat.

Kostnaður við dúnmat greiðist af matsbeiðanda samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðar-ráðherra staðfestir.

8. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 52/2005 um gæðamat á æðardúni. Á sama tíma fellur úr gildi erindisbréf fyrir matsmenn á æðardúni nr. 64/1972. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði.

I.

6. gr. reglugerðarinnar tekur gildi frá og með 1. ágúst nk. Fram að þeim tíma eru skipaðir tímabundnir dúnmatsmenn.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. júlí 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

VIÐAUKI A

1. Í vottorði frá dúnmatsmanni sbr. fyrirmynd í viðauka C, sem fylgja skal með hverri dreifingu af fullhreinsuðum æðardúni sbr. 2. gr., skal eftirfarandi koma fram:

- að um fullhreinsaðan æðardún sé að ræða sem staðist hefur gæðamat
- að staðfest sé þyngd sendingar
- að æðardúnninn hafi verið settur í pakkningar undir eftirliti dúnmatsmanns
- að hver poki sé innsiglaður af dúnmatsmanni og að þar komi fram númer dúnmatsmanns
- undirskrift dúnmatsmanns.

Sé æðardúnn þveginn skal auk þess fylgja með vottorð frá dúnmatsmanni með hverri sendingu þar sem fram kemur:

- að staðfest sé þyngd sendingar
- að hver poki sé innsiglaður af dúnmatsmanni og þar komi fram númer dúnmatsmanns
- undirskrift dúnmatsmanns.

Landbúnaðarráðuneytið staðfestir og skráir þau tæki og einkenni þeirra, sem hver lögskipaður dúnmatismaður notar við að innsigla pakkningar, enda sé um viðurkennd tæki og aðferð að ræða.

2. Umsókn um starfsleyfi dúnmatsmanns skal senda til landbúnaðarráðuneytisins.

3. Dúnmatsmenn sem sótt hafa námskeið skulu reglulega samræma og samhæfa vinnubrögð og aðferðir við dúnmat, eftir því sem landbúnaðarráðuneytið telur þörf á.

4. Við mat skal dúnmatismaður taka sýni úr hverri pakkningu til þess að sannreyna að dúnninn sé fullhreinsaður. Hann ábyrgist að sýnið sé fullhreint og hafi staðist gæðamat, sbr. 7. gr. Dúnmatsmanni er heimilt að geyma sýni þar til staðfesting á greiðslu hefur borist. Sýnið er ávallt eign matsbeiðanda.

VIÐAUKI B

1. Starfssvæði dúnmatsmanna skulu vera:

- Norðvesturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Hvalfjarðarstrandarhreppur	Stykkishólmsbær	Bæjarhreppur
Skilmannahreppur	Dalabyggð	Húnaþing vestra
Innri-Akraneishreppur	Saubæjarhreppur	Áshreppur
Leirár- og Melahreppur	Reykholahreppur	Sveinsstaðahreppur
Skorradalshreppur	Vesturbyggð	Torfalækjarhreppur
Borgarfjarðarsveit	Tálknafjarðarhreppur	Blönduósbær
Hvítársíðuhreppur	Bolungarvíkurkaupstaður	Svínavatnshreppur
Borgarbyggð	Ísafjarðarbær	Bólstaðarhlíðarhreppur
Kolbeinsstaðahreppur	Súðavíkurhreppur	Höfðahreppur
Eyja- og Miklaholtshreppur	Árneshreppur	Skagabyggð
Snæfellsbær	Kaldrananeishreppur	Sveitarfélagið Skagafjörður
Grundarfjarðarbær	Hólmavíkurhreppur	Akrahreppur
Helgafellssveit	Broddaneshreppur	

- Norðausturland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Ólafsfjarðarbær	Aðaldælahreppur	Fljótsdalshreppur
Grímseyjarhreppur	Húsavíkurbær	Borgarfjarðarhreppur
Dalvíkurbyggð	Tjörneshreppur	Seyðisfjarðarkaupstaður
Arnarneshreppur	Kelduneshreppur	Fjarðabyggð
Hörgárbyggð	Öxarfjarðarhreppur	Mjóafjarðarhreppur
Akureyrarkaupstaður	Raufarhafnarhreppur	Fáskrúðsfjarðarhreppur
Eyjafjarðarsveit	Svalbarðshreppur	Austurbyggð
Svalbarðsstrandarhreppur	Þórshafnarhreppur	Breiðdalshreppur
Grýtubakkahreppur	Skeggjastaðahreppur	Djúpavogshreppur
Þingeyjarsveit	Vopnafjarðarhreppur	
Skútustaðahreppur	Fljótsdalshérað	

- Suðurland. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Skaftárhreppur	Hraungerðishreppur	Sveitarfélagið Ölfus
Mýrdalshreppur	Villingaholtshreppur	Grindavíkurbær
Rangárþing eystra	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Sandgerðisbær
Rangárþing ytra	Hrunamannahreppur	Sveitarfélagið Garður
Ásahreppur	Bláskógabyggð	Reykjanesbær
Vestmannaeyjabær	Grímsnes- og	Vatnsleysustrandarhreppur
Gaulverjabæjarhreppur	Grafningshreppur	
Sveitarfélagið Árborg	Hveragerðisbær	

- Suðvesturland og Reykjavík. Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög:

Garðabær	Seltjarnarnes	Reykjavíkurborg
Sveitarfélagið Álftanes	Mosfellsbær	
Kópavogsbær	Kjósarhreppur	

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess svæðis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til.

VIÐAUKI C

Vottorð dúnmatsmanns samkvæmt reglugerð nr. 659/2005
Eiderdown certificate of Inspection according to regulation no. 659/2005

Matsbeiðandi:

Nafn/Name: _____

Heimilisfang/Address: _____

Land/Country: Ísland/Iceland

Dúnmatmaður:

Nafn/Name: _____

Heimilisfang/Address: _____


Land/Country: Ísland/Iceland

Gæðamat á æðardúni/Quality control

Þyngd/Weight: _____

Pakkað og innsiglað
undir eftirliti
*Packed and sealed
under control*

Stenst gæðamat
Approved



Dagsetning, staður/Date, place:

Undirskrift, dúnmatsmanns og númer hans.
Signature of the quality controller and number.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2005

Nr. 660

1488

11. júlí 2005

AUGLÝSING

um skipulag í Garðabæ.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti suðaustan við Reykjanesbraut.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi Kauptúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti í Garðabæ.

Mörk svæðisins ná frá Reykjanesbraut til norðvesturs, landamerkjum Setbergslands til suðvesturs, línu í um 200 m fjarlægð frá Urriðavatni til suðurs og síðan línu áfram yfir Urriðaholt að væntanlegri tengibraut upp í Urriðaholt til norðausturs.

Gert er ráð fyrir að á svæðinu rísi þyrping stórra verslana. Deiliskipulagsvæðið nær yfir allt svæðið sem merkt er sem U-1 í samþykktri tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 með áorðinni breytingu 2002 sem auglýst er samhliða tillögu þessari. Svæðið, U-1, (Kauptúnið) er þar skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

Eftir auglýsingu voru gerðar nokkrar breytingar á deiliskipulagstillögunni. Er gerð grein fyrir þeim í upphafskafli í heftinu „Greinargerð og skipulagskilmálar“, útgáfa 1 c, dags. 28. júní 2005. Flestar eru breytingarnar minni háttar og til aðlögunar og áréttingar. Meginbreytingin er sú, að í auglýstri skipulagstillögu var allt svæðið ein lóð, en samþykkt var að skipta henni upp í 6 lóðir. Auk þess hefur byggingarreitur R2 á auglýstri tillögu verið felldur niður.

Eftir að athugasemdam höfði verið svarað barst á ný erindi frá Landvernd þar sem samtökin áréttu ýmsar fyrri athugasemdir sínar. Bréf Landverndar var tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar þann 22. júní 2005, og vísar nefndin til fyrri greinargerðar sinnar varðandi svör við athugasemdir samtakanna. Við lokaafgreiðslu bæjarráðs var ákveðið að koma til móts við athugasemdir Landverndar o.fl. með því að fella niður byggingarreit, sem nefndur var R2 í auglýstri tillögu og stóð næst Urriðavatni.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsáætlunin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 11. júlí 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Þing (Suðursvæði). Deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 24. maí 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Þinga (Suðursvæði) í Vatnsenda. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf til norðurs, Elliðahvamsvegi til austurs, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð til suðurs og hesthúsahverfinu í Heimsenda, fyrirhugaðri íbúðarbyggð og miðhverfi við Vinda- og Vallakór til vesturs.

Á deiliskipulagssvæðinu sem er 32.5 ha að flatarmáli mun rísa 1-2 hæða blönduð íbúðarbyggð fyrir 268 íbúðir. Í greinargerð er m.a. gerð grein fyrir forsendum og markmiðum skipulagsins, lýsing á landi og áhrifum byggðar á umhverfið. Þá er m.a. fyrirhugaðri byggð lýst ásamt aðkomu að svæðinu, umferð, gönguleiðum, reiðleiðum og opnum svæðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 13. desember 2004, breytt 13. janúar, 19. apríl og 8. júlí 2005. Tillagan var auglýst frá 28. janúar til 28. febrúar 2005 með athugasemdafresti til 15. mars 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju í skipulagsnefnd 19. apríl 2005 ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum og umsögn bæjarskipulags: „*Vatnsendi – suðursvæði. Þing og Byggð Hrafnistu og Húsvirkis ehf. í Þingum. Aðalskipulag. Deiliskipulag. Athugasemdir – ábendingar. Umsagnir. Fylgiskjöl.*“ Er umsögnin dags. 19. apríl 2005. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar:

A. Í greinargerð verði eftirfarandi setningum bætt við samanber ábendingar heilbrigðiseftirlits:

- „Við hönnun á fráveitukerfi verður sérstaklega hugað að gerð og frágangi með til-liti til jarðsprungna“.
- „Við hreinsun hesthúsa og gerða skal hrossataði annaðhvort mokað beint í flutningsgám eða í yfirbyggða og lekahelda taðgeymslu sem sé án niðurfalla. Frá hesthúsum skal þannig gengið að hægt sé að vélhreinsa úr stíum beint á bíl eða í flutningsgám. Frárensli úr niðurföllum í gólfum og stíum hesthúsa skal fyrst leitt í taðfelliþró og þaðan í holræsakerfi bæjarins. Heimilt er að tengja niðurföll í gangstéttum við hesthús á sama hátt. Þróin skal vera aðgengileg til tæminga og koma fram á byggingarnefndarteikningum og vera úttektaskyld. Eigendum húsa er skylt að sjá um að þróin sé tæmd reglulega. Girðingar í kringum gerði skulu vera traustar og í samræmi við samþykktar teikningar. Endurnýja skal reglulega grús í gerði. Taðmengaðri grús skal komið í viðurkennda förgun. Óheimilt er að taka hesthús í notkun fyrr en að lokinni fullnaðarúttekt byggingarfulltrúa“.

B. Í skipulagsskilmála verði eftirfarandi setningum bætt við samanber ábendingar heilbrigðiseftirlits:

- Lagnir í bílskúrum og niðurföll fyrir framan bílskúra skal tengja inn á holræsakerfið en ekki regnvatnskerfi svæðisins.
- Lagnir í bílakjöllurum skal tengja inn á holræsakerfið en ekki regnvatnskerfi.
- Sérstaklega skal hugað að mengunar- og slysavörnum við hesthús og gerði. Gera skal ráð fyrir að hrossataði verði annaðhvort mokað beint í flutningsgám eða yfir í yfirbyggða lekahelda taðgeymslu sem verði án niðurfalla. Frárensli frá hesthúsum skal leitt í fellgildru og þaðan í holræsakerfi en taðgeymslur sem eru lekaheldar verði án niðurfalla.

- Ekki er mælt með því að taðgeymslur séu hafðar undir hesthúsum. Óásættanlegt er ef þrif hesthúsa verða til þess að vatn verði leitt í taðgeymsluna (haughús). Mun meiri slysaþætta, óþrif, lyktarvandamál og mengunarþætta stafar frá taðgeymslum með fljóttandi búfjáraburði en þurrum.

C. Breytingar á deiliskipulagsupphætti í mkv. 1:2000 dags. 13. desember 2004, og breytt 13. janúar 2005.

Á vesturhluta lóðar Vatnsendabletts 14 (Dalapings 18) er ráðgert tveggja hæða parhús í stað einbýlis svo og stakstæður bílskúr á suðurhluta lóðarinnar.

Á leigulandi Vatnsendabletts 40 (Fróðapings 19) hefur nýrri einbýlishúsaloð verðið bætt við norðan við núverandi hús; byggingarreitir fyrir núverandi hús stækkaður; gert er ráð fyrir gróðurskála á suðurhluta lóðarinnar að Vbl. 40; fyrirhugaður reiðstígur vestan við núverandi íbúðarhús færður ofar í opna svæðið þ.e. vestan við húsíð og vestur lóðarmörk Vbl. 40 hafa verið færð vestar sem nemur færslu á reiðstíg.

Gert er ráð fyrir akfærum stíg af Fróðapingi, Dalapingi og Gulapingi inn á Elliða-hvammsveg.

Með tilvísan í ábendingu Fornleifaverndar ríkisins og í 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 hefur eftirfarandi verið fært inn á deiliskipulagsupphætti: „*Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeigenda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*“

Eins og að ofan greinir og með tilvísan í afgreiðslu skipulagsnefndar frá 19. apríl 2005 samþykkti bæjarstjórn framlagða tillögu að deiliskipulagi Þinga (Suðursvæði) í Vatnsenda þann 24. maí 2005; upphætti, greinargerð og skilmála ásamt ofangreindri umsögn bæjar-skipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar.

Með tilvísan til ábendinga Skipulagsstofnunar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á framlögðum gögnum:

- Á skipulagsupphætti hefur verið bætt við texta um staðsetningu og hæð hljóðmana og hljóðveggja.
- Lýsing á afmörkun deiliskipulagssvæðisins í texta og á upphætti samræmd.
- Texti um taðþrær/taðgeymslur og bílastæði í almennum ákvæðum og sérákvæðum í skipulagsskilmálum samræmdur.
- Í greinargerð: „almenn ákvæði fyrir fjölbýlishús“ er breytt í „almenn ákvæði fyrir fjölbýlishús“.
- Í skilmálum hefur götuheiti fyrir svæði 17 verið lagfært: Dalaping 62-68 skal vera Gulaping 62-68.
- Hús til niðurrifs utan deiliskipulagssvæðisins tekin út af deiliskipulagsupphætti.
- Samræmis gætt á nafngift deiliskipulags Vatnsendi - Þing - Hrafnista.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á bæjar-skipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 12. júlí 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Hrísateigur 6 og Hraunteigur 4 og 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðanna Hrísateigs 6 og Hraunteigs 4 og 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bitruháls 2 – Bæjarháls 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi vegna Hálsahverfis, vegan lóðanna að Bitruhálsi 2 og Bæjahálsi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeifan 5.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð, þann 26. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fen, vegna lóðarinnar Skeifunnar 5.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. júlí 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um vatnsléttingu kindakjöts vegna innvigtunar í sláturhúsum.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum markaðsráðs kindakjöts, ákveðið að vatnslétting kindakjöts vegna innvigtunar í sláturhúsum verði 2,2% frá 15. júlí 2005.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingar sláturafurða.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blómkáli, rauðkáli og spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.1000	Blómkál	18.07. – 24.07.05	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	14.07. – 11.09.05	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	18.07. – 24.07.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júlí 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2005

15. júlí 2005

1493

Nr. 665

AUGLÝSING um veiðigjald og þorskígildi.

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiarinu 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 skulu eigendur skipa greiða kr. 1,53 fyrir hvert þorskígildisklógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda.

2. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiaríð 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
Þorskur	1,00	Innfjarðarækja	0,36	Trjónukrabbi	0,21
Ýsa	0,75	Úthafsrækja	0,68	Smokkfiskur	0,20
Ufsi	0,37	Litli karfi	0,05	Beitukóngur	0,26
Karfi	0,54	Lýsa	0,47	Kúskel	0,02
Langa	0,55	Blálanga	0,55	Blágóma	0,11
Keila	0,35	Sléttilanghali	0,20	Búrfiskur	1,29
Steinbítur	0,68	Tindaskata	0,10	Snarphali	0,21
Skötuselur	1,60	Hlýri	0,76	Litla brosmá	0,42
Grálúða	2,04	Skata	0,56	Náskata	0,16
Skarkoli	1,29	Háfur	0,82	Sandhverfa	4,01
Sólkoli	1,55	Hákarl	0,07	Urrari	0,63
Langlúra	0,63	Hámeri	3,25	Stínglax	0,36
Sandkoli	0,52	Gulllax	0,4	Hvítskata	0,35
Skráplúra	0,45	Lúða	3,21	Sæbjúga	0,13
Síld	0,14	Öfugkjafta	0,35	Rauðmagi	0,15
Loðna	0,06	Makríll	0,33	Grásleppa	1,01
Humar (slitinn)	6,45	Geirnyt	0,13		

Þorskígildisstuðlar fyrir stofna sem úthlutað er úr miðað við almanaksárið 2006 eru eftirfarandi:

Tegund	Stuðlar
Norsk-íslensk síld	0,15
Norður-Íshafsþorskur	1,00
Kolmunn	0,05
Úthafskarfi	0,51
Rækja á Flæmingjagrunni	0,84

Ofangreindir stuðlar gilda við álagningu veiðigjalds, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi, kemur til framkvæmda 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 2005.

Árni M. Mathiesen.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, Hagafliöt 9 og 11.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. júní 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að stækka byggingarreit á lóð nr. 9 úr 3392 m² í 3763 m² til norðvesturs. Fjöldi íbúða á báðum lóðum verður fjölgað úr hámarki 16 íbúðir í 20.

Byggingarreitur beggja húsa færast til suðausturs um 4 metra. Bifreiðastæði breytast þannig að þau rúma 40 bifreiðar á hvorri lóð og það verður kvöð um aðkomu fyrir lóð nr. 11 yfir lóðarenda á lóð nr. 9.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. júlí 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 396, 22. apríl 2005, um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast tvær nýjar mgr. sem orðist svo:

Heimilt er að nota yfirpoka við úthafs rækjuveiðar á þeim svæðum þar sem viðkomandi skipum eru heimilar veiðar með fiskibotnvörpu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997,

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er óheimilt að nota yfirpoka á svæðum þar sem veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar eða áskilin er notkun smáfiskaskilju samkvæmt reglugerðum og skyndilokunum. Yfirpokanum skal komið fyrir á efra byrði poka vörpunnar yfir opinu þar sem fiskur skilst út.

Lágmarksmöskvastærð yfirpokans skal vera 135 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 20. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júlí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Magnúsar Ólafssonar, ljósmyndara. Magnús Ólafsson var fæddur 10. maí 1862 og lést 26. júlí 1937.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ljósmyndun á Íslandi sem listgrein.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnfé er 3.800.000 krónur og er gjöf erfingja Magnúsar Ólafssonar, skv. gjafabréfi dags. í apríl 2000.

5. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Ljósmyndasafn Reykjavíkur sér um bókhald sjóðsins og ber ábyrgð á vörslu fjármuna hans. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, einn tilnefndur af erfingjum Magnúsar Ólafssonar, einn af stjórn Ljósmyndarafélags Íslands og einn af Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til ársloka 2007. Sá aðili sem tilnefndur er af Ljósmyndasafni Reykjavíkur gegnir formennsku stjórnar sjóðsins.

Stjórn sjóðsins tilnefnir endurskoðanda.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
2. Gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
3. Ágóði af útgáfu bókar um Magnús Ólafsson.
4. Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

8. gr.

Ávaxta skal stofnfé (sbr. 4. gr.) sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næsta ári, annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Í samræmi við markmið sjóðsins skulu annað hvert ár veittir styrkir til einstaklinga, félagasamtaka eða annarra aðila. Stjórn sjóðsins getur fallið frá árlegri úthlutun með tilvísan til efnahags sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki í febrúarmánuði. Stjórn sjóðsins skal annast styrkveitingar úr sjóðnum.

11. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun endurskoðaðan reikning sjóðsins fyrir liðið ár, ásamt skýrslu um ráðstöfun fjár hans sama ár.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri sjóðsins skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu varðveislu á myndasafni Magnúsar Ólafssonar. Séu fleiri en ein stofnun sem varðveita myndasöfn Magnúsar Ólafssonar skiptast eignir hans jafnt á milli stofnana.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júlí 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til allra líkkistna sem nota á við greftrun eða líkbrennslu í skilningi laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu svo og duftkerja. Jafnframt tekur hún til skilyrða fyrir framkvæmd líkbrennslu og annarra atriða þar að lútandi.

2. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari er að tryggja að líkkistuframleiðendur og starfsmenn útfararstofa noti þær líkkistur og umbúnað sem getið er um í reglugerð þessari í tengslum við greftrun, líkbrennslu og flutning á líkum innan lands og utan. Þannig ætti mengun við niðurbrot kistu eða duftkers í jarðvegi og við líkbrennslu að verða í lágmarki, ásamt því að tryggja öryggi við líkbrennslu. Enn fremur miðar hún að því að skýra ákvæði, er varða framkvæmd líkbrennslu, í lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og vera þeim til fyllingar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

Grafarkista er líkkista sem nota skal við greftrun.

Brennslukista er líkkista sem nota skal við líkbrennslu.

Flutningsumbúnaður er líkkista og annar búnaður, s.s. líkpoki, sem nota skal til flutnings á líki milli landshluta og landa.

Duftker er kerílát sem aska látins manns er varðveitt í eða jarðsett í.

II. KAFLI

Kistur.

4. gr.

Grafarkistur.

Grafarkistur skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Gerð: Grafarkistur skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 cm, ekki hærri en 80 cm og ekki breiðari en 100 cm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Grafarkistur skulu vera úr efni sem samlagast jarðvegi í kirkjugarði á eðlilegum tíma og hindrar ekki náttúrulegt niðurbrot. Þær skulu enn fremur vera loft- og vökvaheldar. Þegar þess er þörf skal kítta saman undir- og yfirkistu.

Efniviður: Allt óvatnsvarið efni, s.s. gegnheill viður, spónaplötur (E1) og MDF (Medium Density Fiberboard).

Handföng: Handföng skulu vera úr tré eða plasti, sem hefur eðlilegt niðurbrot og samlagast jarðvegi og valda ekki mengun. Sé um reipi að ræða skulu þau vera gerð úr trefjum sem tilheyra plönturíkinu, s.s. pappa, hampi, sísal eða öðrum ómengandi efnum. Aðrar tegundir handfanga eru ekki leyfðar.

Áfastar kistuskreytingar: Áfastar kistuskreytingar, s.s. krossar og skrautmunstur (lassínur), skulu unnar úr niðurbjótanlegu efni sem samlagast jarðvegi. Skreytingar úr öðrum efnum ber að fjarlægja af kistu fyrir jarðsetningu. Efni sem nota má eru: MDF, maísmassi, spónaplötumassi, masonit og viðurkennt niðurbjótanlegt plast.

Lausar kistuskreytingar: Lausar kistuskreytingar, s.s. burðarvirki og festingar blóma og kransa, skulu vera úr vistvænu og viðurkenndu niðurbjótanlegu efni. Vottun þar um skal liggja fyrir hjá viðkomandi blómasala.

Yfirborðsmeðhöndlun: Efni í málningu eða annarri yfirborðsmeðhöndlun á grafarkistu má ekki geyma þungmálma eða önnur mengandi efni. Enn fremur mega kistur ekki vera plastklæddar.

Kistoloksskrúfur: Kistoloksskrúfur mega hvorki vera gerðar úr óniðurbjótanlegu plasti né skreyttar með sink- eða blýskrauti. Vottun frá framleiðanda um efnisgerð skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfarastofu.

Samsetningarefni: Málmeffni, s.s. vinklar, skrúfur, naglar og hefti mega ekki veða meira en 200 grömm í hverri kistu.

Límefni: Lím verður að vera niðurbjótanlegt og hafa vistvænan stimpil.

Innri umbúnaður: Innri umbúnaður, s.s. líkklaði, sæng, koggi og blæja, skal vera úr niðurbjótanlegu efni sem samlagast jarðvegi. Óheimilt er að nota einangrunarefni, s.s. glerull, steinull og plast. Líkpoka eða blikkistu (zink) ber að fjarlægja að fengnu leyfi héraðslæknis.

Vottun um efni í kistu, fasta fylgihluti og kistoloksskrúfur skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfarastofu. Uppfylli grafarkista ekki framangreind skilyrði skal umsónarmaður viðkomandi kirkjugarðs gefa um það skýrslu til yfirstjórnar kirkjugarðsins, áður en umsókn um greftrun er afgreidd.

5. gr.

Brennslukistur.

Brennslukistur skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Gerð: Brennslukistur skulu ekki vera lengri að utanmáli en 230 cm, ekki hærra en 80 cm og ekki breiðari en 80 cm, þar með talin handföng og sökkull (fætur). Brennslukistur skulu vera úr efni sem ekki valda mengun við brennslu eins og getið er um hér að neðan.

Efniviður: Kista skal vera úr gegnheilu timbri, óvatnsvörðu MDF og spónaplötum (E1). Efnisþykkt skal minnst vera 14 mm.

Handföng: Handföng skulu vera úr tré eða plasti, sem er sérstaklega ætlað til brennslu og valda ekki mengun. Sé um reipi að ræða skulu þau vera gerð úr efni sem tilheyrir plönturíkinu, s.s. pappa, hampi, sísal eða öðrum ómengandi efnum.

Kistuskreytingar: Kistuskreytingar skulu unnar úr tré, masoníti eða hreinum pappa.

Yfirborðsmeðhöndlun: Málning eða önnur yfirborðsmeðhöndlun má ekki innihalda þungmálma eða önnur mengandi efni. Enn fremur mega kistur ekki vera plastklæddar eða úr efnum sem valda sprengihættu eða ótímabærum eldi.

Kistoloksskrúfur: Skrúfur (skreytingar) úr sinki eða blýi, eða skrúfur sem geyma slík efni, má ekki nota til brennslu.

Samsetningarefni: Málmefni, s.s. vinklar, skráfur, naglar og hefti mega ekki veða meira en 250 grömm í hverri kistu.

Límefni: Lím verður að vera niðurbjótanlegt og hafa vistvænan stimpil.

Innri umbúnaður: Innri umbúnaður, s.s. líkklaði, sæng, koddí og blæja, skal vera úr efni sem valda ekki mengun við brennslu. Óheimilt er að nota einangrunarefni, s.s. glerull, steinull og plast. Ekki er leyfilegt að brenna kistu sem inniheldur líkpoka eða blikkkistu (zink).

Vottun um efni í kistu, fasta fylgihluti og kistuloksskráfur skal liggja fyrir hjá viðkomandi útfararstofu. Uppfylli brennslukista ekki framangreind skilyrði skal umsjónarmaður viðkomandi kirkjugarðs gefa um það skýrslu til stjórnar kirkjugarðsins, áður en umsókn um bálför er afgreidd.

6. gr.

Flutningsumbúnaður.

Purfi að flytja lík á milli landshluta eða landa skal nota kistur og/eða líkpoka sem sérstaklega eru ætlaðir í því skyni og uppfylla skilyrði viðkomandi flutningsaðila.

7. gr.

Skyldur aðila er annast útfararþjónustu fyrir líkbrennslu.

Sá aðili sem annast undirbúning líkbrennslu skal láta lækni vita, ef álitíð er að gangráður hafi ekki verið fjarlægður úr hinum látna. Þá ber þeim er annast útfararþjónustu einnig að tryggja að öll efni, s.s. plast eða aðrir hlutir, séu fjarlægðir úr hinum látna eða kistunni til að koma í veg fyrir sprengihættu við líkbrennslu og mengun við líkbrennslu eða greftrun.

III. KAFLI

Framkvæmd greftrunar.

8. gr.

Útfararstofu þeirri, sem annast undirbúning greftrunar, ber skylda til þess að sjá um að sótt sé um grafreit til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Starfsmönnum kirkjugarðs, sem annast greftrun, er skylt að kanna tvisvar, með aðskildum hætti, umbeðna staðsetingu á þeim grafreit sem beðið er um og grafa skal í. Einnig skulu þeir tryggja að upplýsingar liggi fyrir um utanmál þeirrar kistu sem grafa skal. Við grafartökuna skal þess gætt að gott aðgengi sé jafnan að gröfinni og umhverfi snyrtilegt og jarðvegur fjarlægður sé því viðkomið. Grafstæði skal vera 2,50 x 1,20 metrar og grafstæði duftkera 0,75 x 0,75 metrar. Ganga skal þannig frá grafarbökkum að ekki hljóttist hætta af. Til þess að verja grafarbakka og auðvelda aðgengi getur verið heppilegt að leggja gönguplanka á bakka. Notast skal við kaðla eða sigtæki til að láta kistu síga niður í gröf. Klæða má grafir að innan með grafardúk ef þurfa þykir, svo sem vegna hættu á jarðvegshruni. Þegar mokað er ofan í gröfina skal þess gætt að jarðvegur nái 20 – 30 cm upp fyrir grafarbakka til að mæta jarðvegssigi.

IV. KAFLI

Framkvæmd líkbrennslu.

9. gr.

Bálstofur.

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í bálstofum, sem viðurkenndar hafa verið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og sem hlotið hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisfyrivöldum.

Samþykki ráðuneytisins um staðsetningu og skipulag bálstofu í aðalatriðum er áskilið áður en bygging bálstofu hefst.

Ekki má hefja starfrækslu bálstofu fyrir en ráðuneytinu hefur verið tilkynnt um hverjir séu stjórnendur hennar og ábyrgir fyrir því, að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Bálstofum skal ávallt haldið í góðu lagi, tæki vel nothæf, starfslíð vel þjálfað og nægjanlegt auk þess sem starfshættir skulu vera hreinlegir, skipulegir og viðeigandi.

Stjórnendur bálstofu skulu setja verklagsreglur fyrir starfseminna. Ráðuneytinu skal afhent eintak af reglum auk þess sem tilkynna þarf breytingar á þeim til ráðuneytisins. Eftirlit með rekstri bálstofa skal vera í höndum ráðuneytisins og heilbrigðisfirvalda eða annarra aðila sem ráðuneytið tilnefnir sérstaklega. Ávallt skal veita eftirlitsaðilum aðgang að bálstofum óski þeir þess.

10. gr.

Skilyrði líkbrennslu.

Við hverja bálstofu skal halda bálfarabók. Færa skal inn í hana í samfelldri töluröð, sérhvert lík sem brennt er, fullt nafn hins látna, dánarstað, dánardægur, bálfarardag og afdrif öskunnar.

11. gr.

Áður en líkbrennsla er framkvæmd skal sá aðili, sem sér um framkvæmd hennar, sjá til þess að fyrir liggja vottorð frá viðkomandi sýslumanni eða fulltrúa hans þess efnis að ekkert sé því til fyrirstöðu, af hálfu embættisins, að líkið verði brennt.

12. gr.

Merkja skal vottorð það sem 11. gr. kveður á um með innfærslutölu líkbrennslu í bálfarabók og skulu slík vottorð geymd í skjalasafni bálstofu.

Beiðnir aðstandenda um líkbrennslu, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, skulu vera skriflegar og geymast einnig í skjalasafni bálstofu.

13. gr.

Um framkvæmd líkbrennslu og meðferð ösku.

Óheimilt er að hreyfa við líki úr kistu fyrir líkbrennslu nema kistan uppfylli ekki ákvæði reglugerðar þessarar. Þegar öll skilyrði fyrir framkvæmd líkbrennslu eru uppfyllt skal brennslukistan og innihald hennar flutt til líkbrennslu í því ástandi sem útfararstofa hefur afhent hana.

Hver brennslukista í umsjá bálstofu skal brennd ein og sér.

Gæta skal ýrustu varúðar varðandi auðkenni hins látna frá móttöku í líkhús þar til ösku hins látna hefur verið komið fyrir í duftkeri. Auðkenna skal hverja kistu með númeraplötum úr eldföstum leir.

Stjórnendur og starfsmenn bálstofu skulu ávallt sýna virðingu við meðferð líks og framkvæmd líkbrennslu.

14. gr.

Þegar að lokinni líkbrennslu skal öskunni safnað vandlega saman og búa um hana í þar til gerðu duftkeri, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Duftker þessi skulu gerð úr niðurbriðjanlegu efni, s.s. léttbrenndum leir, tré, hertum pappa eða öðru jafngildu efni.

Þó má notast við ker úr haldmeira efni sem ekki veldur mengun í jarðvegi. Duftker sem

ætluð eru til dreifingar ösku utan kirkjugarða skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu. Nota skal sérstök öskudreifingaker, þegar ösku er dreift á þar til gerða reiti innan kirkjugarðs.

Ef aska hins látna er ekki jarðsett, þegar að lokinni líkbrennslu, skal duftkeri komið fyrir í læstum traustum skáp við bálstofuna. Þurfi að senda öskuna til annarra staða skulu forráðamenn bálstofu búa um kerid á tilhlýðilegan og öruggan hátt. Viðtakendur duftkersins skulu staðfesta móttöku þess skriflega. Viðtakendur geta verið aðstandendur, hlutaðeigandi sóknarprestar, starfsmenn í útfararþjónustu, kirkjugarðsverðir eða eftir atvikum forráðamenn bálstofu, sem svo skulu sjá um jarðsetningu öskunnar.

15. gr.

Stjórnendur kirkjugarðs skulu hafa samráð við stjórnendur bálstofu, sem liggur að kirkjugarði, um efni þessarar reglugerðar, nema um sömu stjórn sé að ræða. Um duftreiti og kapellur innan kirkjugarða fer eftir þeim reglum sem settar hafa verið af stjórnendum viðkomandi kirkjugarðs.

16. gr.

Vilji stjórnendur bálstofu koma upp duftreitum eða geymsluhvelfingum utan kirkjugarða, en þó í sambandi við bálstofuna, er slíkt heimilt að fengnu samþykki ráðuneytisins, sem setur reglur um slíka starfsemi.

17. gr.

Ráðuneytið skal ávallt eiga aðgang að öllum bókum og skjölum bálstofu. Ef bálstofa er lögð niður skulu öll skjöl og bálfarabækur afhentar Þjóðskjalasafninu.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

18. gr.

Ef brotin eru fyrirmæli III. og IV. kafla reglugerðar þessarar, svo og fyrirmæli stjórnvalda sem byggð eru á þeim, getur ráðuneytið svipt bálstofu viðurkenningu skv. 9. gr. uns ráðuneytið telur tryggt að nægilegar úrbætur hafi átt sér stað.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða að öðru leyti viðurlögum skv. 52. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 50. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, öðlast gildi 1. október 2005. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 4/1951 um framkvæmd líkbrennslu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 2005.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUR

um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um útgefendur verðbréfa. Þá gilda reglurnar um viðskipti innherja og aðila sem tengjast þeim fjárhagslega með skráð bréf útgefandans eða bréf hans sem óskað hefur verið eftir skráningu á og fjármálagerninga sem þeim tengjast.

Stjórnvöld og aðrir sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Þegar hugtakið *innherjar* er notað í reglum þessum án afmörkunar er átt við fruminnherja, tímabundna innherja og aðra innherja eftir því sem við getur átt.

Hugtakið *útgefandi* er notað í reglum þessum um útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi.

Með hugtakinu *regluvörður* í reglum þessum er átt við regluvörð og staðgengil regluvarðar jöfnum höndum eftir því sem við á.

Hugtakið *markaður* er notað í reglum þessum um skipulegan verðbréfamarkað og markaðstorg samkvæmt lögum 34/1998.

III. KAFLI

Innherjalistar.

3. gr.

Skylda til að senda innherjalista.

Útgefandi skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila þeim fjárhagslega tengda fyrir skráningu verðbréfa. Allar breytingar á upplýsingum um innherja ber að senda Fjármálaeftirlitinu þegar í stað er breytingar verða. Verði engar breytingar á listum ber engu að síður að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða innherjalista á sex mánaða fresti. Útgefandi skal einnig senda upplýsingar um innherja og breytingar á þeim til markaðar þar sem verðbréf útgefanda eru skráð eða þar sem óskað hefur verið eftir skráningu þeirra.

4. gr.

Varðveisla innherjalista.

Útgefandi skal geyma alla innherjalista sem sendir hafa verið Fjármálaeftirlitinu í 5 ár frá dagsetningu þeirra.

5. gr.

Form innherjalista.

Innherjalista ber að senda á eyðublöðum sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Þess skal gætt að netfang regluvarðar og rafræn undirskrift hans komi fram á hverju eyðublaði. Sé ekki unnt að nota rafræna undirskrift skulu undirritaðir innherjalistar jafnframt

sendir Fjármálaeftirlitinu með símbréfi. Innherjalisti skal dagsettur þann dag sem hann er sendur til Fjármálaeftirlitsins.

6. gr.

Viðmið stjórnar um fruminnherja og stjórnendur.

Stjórn útgefanda skal setja viðmiðanir um hverja skuli setja á fruminnherjalista. Regluvörður skal styðjast við viðmið stjórnar við gerð innherjalista og meta hvaða einstaklingar falla þar undir.

Stjórn útgefanda skal jafnframt setja viðmiðanir um hvaða fruminnherja skuli telja til stjórnenda skv. 3. mgr. 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl.) vegna tilkynninga til markaðar um víðskipti stjórnenda.

7. gr.

Tilkynning um réttarstöðu innherja.

Útgefandi skal senda þeim er hann setur á lista yfir fruminnherja og tímabundna innherja tilkynningu um réttarstöðu innherja. Tilkynningin skal send skriflega. Í tilkynningu um réttarstöðu innherja ber að greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja og meðferð innherjaupplýsinga.

8. gr.

Efni tilkynningar.

Tilkynningu um réttarstöðu innherja skal fylgja eintak af reglum þessum eða upplýsingar um hvar þær er að finna. Kynna skal gildandi lagareglu um innherjasvik. Þá skal kynna fruminnherjum þær reglur sem þeir og aðilar þeim tengdir þurfa að gæta að er þeir eiga víðskipti með verðbréf útgefandans. Tímabundnum innherjum skal bent á að þeim er með öllu óheimilt að eiga víðskipti á meðan þeir búa yfir innherjaupplýsingum.

9. gr.

Eyðublað um fjárhagslega tengda aðila og undirritun yfirlýsingar.

Með tilkynningu um réttarstöðu innherja skal senda innherja til útfyllingar eyðublað um fjárhagslega tengda aðila. Einnig skal senda innherja til undirskriftar yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja. Hvort tveggja ber innherja að senda útgefanda án tafar. Útgefandi skal geyma undirritaða yfirlýsingu á meðan innherjalisti er virkur og í a.m.k. eitt ár eftir að innherjalisti hefur verið afturkallaður.

10. gr.

Brottfall af innherjalista.

Innherja skal tilkynnt með skriflegum hætti þegar hann hefur verið tekinn af innherjalista.

11. gr.

Listar yfir fruminnherja.

Á lista yfir fruminnherja ber útgefanda að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu í 1. tl. 1. mgr. 58. gr. vvl. og í samræmi við þau viðmið sem stjórn útgefanda hefur sett sam-anber grein 6 hér að framan. Listan skal senda á eyðublaði sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og þar skal tilgreina:

1. Heiti útgefanda,
2. markað sem verðbréf útgefanda eru skráð á eða hefur verið óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu (ef við á) og heimilisfang innherja,

4. tengsl innherja við útgefanda (t.d. stjórnarmaður, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmaður o.s.frv.),
5. dagsetningu þegar viðkomandi innherji er skilgreindur sem slíkur og settur á lista,
6. undirritun regluvarðar,
7. dagsetningu lista, þ.e. hvenær listi var settur saman eða endurskoðaður og sendur Fjármálaeftirlitinu.

12. gr.

Listar yfir tímabundna innherja.

Útgefanda ber að senda Fjármálaeftirlitinu lista þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi og aðilar sem ekki eru á fruminnherjalista hafa fengið aðgang að upplýsingunum.

Ef innherjaupplýsingar eru fyrir hendi um fleiri en einn atburð eða kringumstæður er varða útgefanda ber að senda einn lista yfir tímabundna innherja fyrir hvern atburð og/eða kringumstæður.

13. gr.

Form og efni lista yfir tímabundna innherja.

Á lista yfir tímabundna innherja ber að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu í 2. tl. 1. mgr. 58. gr. vvl. Listann skal senda á eyðublaði sem finna má á heimsíðu Fjármálaeftirlitsins og þar skal tilgreina:

1. Heiti útgefanda,
2. markað sem verðbréf útgefanda eru skráð á eða hefur verið óskað skráningar á,
3. ástæðu skráningar lista yfir tímabundna innherja, þ.e. stutt lýsing á þeim atburði eða kringumstæðum sem innherji hefur fengið upplýsingar um (t.d. unnið að birtingu uppgjör, afkomuviðvörðun hugsanleg, samningur um yfirtöku o.s.frv.),
4. nafn, kennitölu (ef við á) og heimilisfang innherja
5. tengsl innherja við útgefanda (t.d. endurskoðandi, lögmaður, almannatengslafulltrúi, starfsmaður í bókhaldi, o.s.frv.),
6. dagsetningu þegar viðkomandi innherji er skilgreindur sem slíkur og settur á lista,
7. undirritun regluvarðar,
8. dagsetningu lista, þ.e. hvenær listi var settur saman eða endurskoðaður.

14. gr.

Brottfall tímabundinna innherja.

Þegar ekki liggja lengur fyrir innherjaupplýsingar skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það og sendur inn listi yfir brottfall tímabundinna innherja.

15. gr.

Listar yfir fjárhagslega tengda aðila.

Listar yfir fjárhagslega tengda aðila ber útgefanda að senda samhliða listum yfir fruminnherja og tímabundna innherja. Á lista yfir fjárhagslega tengda aðila ber að setja þá sem falla undir skilgreiningu sem fram kemur í grein 16.

16. gr.

Skilgreining á fjárhagslega tengdum aðilum.

Eftirtaldir aðilar skulu teljast fjárhagslega tengdir innherjum í skilningi IX. kafla verðbréfavíðskiptalaga og reglna þessara:

1. Maki, maki í staðfestri samvist og sambúðarmaki,
2. ófjárráða börn, kjörbörn og stjúp börn á heimili innherja,

3. önnur skyldmenni sem búa á heimili með innherja og hafa búið á heimili með innherja í a.m.k. eitt ár þegar viðskipti eiga sér stað,
4. lögaðili:
 - a) sem lýtur framkvæmdastjórn innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan,
 - b) sem er stjórnad með beinum eða óbeinum hætti af innherja eða aðila sem er talinn upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan,
 - c) annar en í lið a eða b ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnuðir hagsmunum innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 eða 3 hér að framan.

17. gr.

Form og efni lista yfir fjárhagslega tengda aðila.

Listana skal senda á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins fyrir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum annars vegar og tímabundnum innherjum hins vegar. Þar skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar:

1. Heiti útgefanda,
2. markað sem verðbréf útgefanda eru skráð á eða hefur verið óskað skráningar á,
3. nafn, kennitölu (ef við á) og heimilisfang innherja,
4. tilgreina við hvern af fruminnherjum eða tímabundnum innherjum tengslin eru. Nægir þá oftast að skrá upphafsstafi innherja sem tengsl eru við,
5. staða, þ.e. tilgreina hver tengsl við fruminnherja eða tímabundinn innherja eru (t.d. maki, barn, lögaðili í eigu innherja, lögaðili undir stjórn innherja),
6. dagsetning þegar viðkomandi fjárhagslega tengdur aðili er skilgreindur sem slíkur og settur á lista,
7. undirritun regluvarðar,
8. dagsetningu lista, þ.e. hvenær listi var settur saman eða endurskoðaður.

IV. KAFLI

Meðferð innherjaupplýsinga.

18. gr.

Lögmæt frestun birtingar innherjaupplýsinga.

Í 59. gr. vvl. er að finna heimild til frestunar á birtingu innherjaupplýsinga og í reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik er að finna nánari útlistun á skilyrðum þess að beita megi frestun.

19. gr.

Varfærin meðferð innherjaupplýsinga.

Nýti útgefandi heimild til frestunar skal hann eða aðili í umboði hans því aðeins láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té að það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og að móttakandi upplýsinganna sé bundinn trúnaði um þær.

Við meðferð gagna sem hafa að geyma innherjaupplýsingar, hvort sem gögnin eru vistuð með skriflegum, rafrænum eða öðrum hætti, skal þess gætt að óviðkomandi geti ekki kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða. Þeir sem hafa innherjaupplýsingar undir höndum skulu m.a. nota læsta skápa fyrir áþreifanleg gögn, lykilorð á tölvuskjái og gera aðrar ráðstafanir sem draga úr líkum á að innherjaupplýsingar berist óviðkomandi. Fjölföldun gagna sem innihalda innherjaupplýsingar skal haldið í lágmarki og afrit skulu geymd með sömu varfærni og frumrit.

20. gr.

Innherjaupplýsingum dreift.

Innherjaupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Hvers konar miðlun innherjaupplýsinga, hvort heldur sem er innan útgefanda eða út fyrir hann skal háð samþykki næsta yfirmanns viðkomandi starfsmanns. Þegar því verður við komið skal regluvörður hafa umsjón með dreifingu innherjaupplýsinga. Að öðrum kosti skal regluverði gert viðvart samhliða því er innherjaupplýsingum er dreift, til þess að unnt sé að uppfæra innherjalista, senda þá til Fjármálaeftirlits og senda tímabundnum innherjum tilkynningu um réttarstöðu.

Hver sem sendir öðrum innherjaupplýsingar skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar berist einungis réttum móttakanda. Við miðlun innherjaupplýsinga skal þess gætt að móttakandi sé bundinn trúnaði um upplýsingarnar og honum gerð grein fyrir stöðu sinni sem innherji, samanber grein 7 í reglum þessum.

21. gr.

Birting innherjaupplýsinga.

Í 59. gr. vvl. er kveðið á um skyldu til birtingar innherjaupplýsinga og í reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik er að finna nánari reglur um aðferðir og tímafresti við birtingu innherjaupplýsinga.

V. KAFLI

Viðskipti innherja.

22. gr.

Á fruminnherjum hvílir rannsóknarskylda, þ.e. skylda til að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar áður en þeir eiga viðskipti með verðbréf útgefanda. Sama gildir um fyrirhuguð viðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum verðbréfum og fyrirhuguð viðskipti aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum.

Á fruminnherjum hvílir jafnframt tvíþætt tilkynningarskylda til regluvarðar vegna fyrirhugaðra viðskipta annars vegar og eftir að viðskipti eru afstaðin hins vegar.

23. gr.

Rannsóknarskylda.

Fruminnherji skal sinna rannsóknarskyldu sinni með því að ráðfæra sig við regluvörð um fyrirhuguð viðskipti, er hann sinnir tilkynningarskyldu. Þegar fruminnherji sinnir tilkynningarskyldu sinni vegna fyrirhugaðra viðskipta, sbr. 24. gr., skal regluvörður ráðleggja honum um fyrirhuguð viðskipti og aðstoða innherja á þann hátt við að uppfylla rannsóknarskyldu sína.

Rannsóknarskylda skal sinnt þann dag sem viðskipti eru fyrirhuguð. Eigi viðskipti sér ekki stað þann dag skal innherji leita til regluvarðar á nýjan leik.

24. gr.

Tilkynningarskylda.

Fruminnherji skal tilkynna regluverði áður en hann eða aðilar honum fjárhagslega tengdir eiga viðskipti með verðbréf útgefandans eða fjármálagerninga sem þeim tengjast.

Eftir að viðskipti hafa átt sér stað skal fruminnherji tilkynna regluverði án tafar að hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum hafi átt viðskipti með verðbréf útgefandans. Í tilkynningunni skal regluvörður upplýstur um þau atriði sem nauðsynleg eru til að senda tilkynningu um viðskipti innherja og stjórnenda skv. grein 25.

VI. KAFLI

Tilkynning útgefanda um viðskipti innherja.

25. gr.

Útgefandi skráðra verðbréfa skal samdægurs senda tilkynningu um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila til Fjármálaeftirlitsins. Ef viðkomandi innherji er jafnframt stjórnandi samkvæmt skilgreiningu í 3. mgr. 64. gr. vvl. ber útgefanda einnig að senda þegar í stað tilkynningu um viðskipti hans eða aðila sem tengjast honum fjárhagslega til þess markaðar þar sem verðbréfin eru skráð eða þar sem óskað hefur verið eftir skráningu á þeim.

Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti innherja skulu eftirtalin atriði tilgreind:

1. Nafn útgefanda verðbréfa,
2. dagsetning tilkynningar,
3. nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
4. tengsl fruminnherja við útgefanda verðbréfa,
5. dagsetningu viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
6. tegund fjármálagernings,
7. hvort um var að ræða kaup eða sölu,
8. nafnverð og gengi í viðskiptum,
9. nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti og
10. dagsetningu lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á.

VII. KAFLI

Staða og hlutverk regluvarðar.

26. gr.

Ráðning regluvarðar og staða.

Stjórn útgefanda ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé fylgt. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Sé regluvörður ekki ráðinn af stjórn tekur ráðning hans ekki gildi fyrr en stjórn hefur staðfest ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar.

Regluvörður skal hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt störfum sínum.

Regluvörður skal vera sjálfstæður í störfum sínum.

27. gr.

Almennt um hlutverk regluvarðar.

Regluvörður hefur umsjón með að reglum þessum sé framfylgt innan útgefandans og ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

28. gr.

Innherjalistar.

Regluvörður skal sjá um að setja saman, viðhalda og senda innherjalista samkvæmt kröfum kafla III. Þá skal regluvörður sjá um að sendar séu tilkynningar um réttarstöðu innherja og tilkynningar um brottfall af innherjalistum. Í kjölfar miðlunar innherjaupplýsinga þarf að uppfæra innherjalista og senda tilkynningar til Fjármálaeftirlits og markaðar.

29. gr.

Framkvæmd innherjaviðskipta / ráðlegging regluvarðar.

Þegar innherji leitar til regluvarðar fyrir viðskipti til að fullnægja rannsóknarskyldu skal regluvörður ganga úr skugga um að ekki séu fyrirbyggjandi innherjaupplýsingar innan útgefanda áður en ráðlegging er veitt. Séu innherjaupplýsingar til staðar skal regluvörður mælast gegn því að innherji eigi viðskipti og benda innherja jafnframt á að eigi hann viðskipti engu að síður sé sér skylt að tilkynna um slík viðskipti til Fjármálaeftirlitsins og að í slíkum viðskiptum geti falist lögbrot.

Þegar regluvörður sjálfur eða aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast eiga viðskipti skal hann leita til staðgengils regluvarðar til að sinna tilkynningar- og rannsóknarskyldu sinni.

Útgefandi sjálfur telst til fruminnherja og skal því fylgt sömu formreglum og eiga við um fruminnherja áður en viðskipti útgefanda með eigin bréf eiga sér stað.

30. gr.

Samskiptaskrá.

Regluvörður skal halda skrá yfir samskipti sín við innherja útgefanda sem fram fara á grundvelli reglnanna, svokallaða samskiptaskrá. Samskiptaskrá skal færð í tímaröð í bók með númeruðum blaðsíðum, eða með skipulegum hætti á rafrænu formi, ef unnt er að tryggja að breytingar verði ekki gerðar á skránni án ummerkja um breytingar og fyrri færslur.

Færslur vegna innherjaviðskipta, þegar innherji sinnir rannsóknarskyldu og fyrri hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynnir um fyrirhuguð viðskipti, skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn innherja og aðila sem tengjast honum fjárhagslega ef við á,
2. hvenær (dagsetning og tímasetning) innherji óskar eftir ráðleggingu regluvarðar vegna viðskipta með bréf félags eða fjármálagerninga sem tengjast þeim,
3. hvort regluvörður telur innherjaupplýsingar vera fyrir hendi innan félagsins og hvort ráðlegging regluvarðar um viðskiptin er jákvæð eða neikvæð.

Þegar innherji sinnir seinni hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynnir um viðskiptin eftir að þau hafa farið fram, ber að tilkynna um þau atriði sem talin eru upp í grein 25. Færslur regluvarðar í samskiptaskrá vegna þessa skulu hafa að geyma þessar upplýsingar eða afrit af tilkynningu til eftirlitsaðila og markaðar.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að fresta birtingu innherjaupplýsinga vegna lög-mætra hagsmuna útgefandans, sbr. 59. gr. vvl. og ákvæða reglugerðar um innherja-upplýsingar og markaðssvik, skal slíkt skráð í samskiptaskrá regluvarðar.

31. gr.

Tilkynningar um viðskipti innherja og stjórnenda.

Regluvörður skal sjá um að tilkynna samdægurs til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti fruminnherja og aðila sem eru fjárhagslega tengdir þeim samanber 63. gr. vvl. Þá skal regluvörður jafnframt senda tilkynningu um viðskiptin þegar í stað til markaðar ef um viðskipti stjórnenda er að ræða, sbr. 64. gr. vvl.

32. gr.

Eftirlit og tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

Regluvörður skal hafa eftirlit með að reglum þessum sé fylgt. Leiki grunur á að reglurnar hafi verið brotnar skal regluvörður þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar grunsemdir.

33. gr.

Fræðsla og kynning.

Regluvörður skal sjá um kynningu á þessum reglum meðal innherja og sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði starfsmanna útgefanda og annarra sem reglurnar varða. Hann skal sjá til þess að reglur um meðferð innherjaupplýsinga séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra.

Regluvörður skal reglulega gefa stjórn útgefanda yfirlit yfir störf sín, að lágmarki einu sinni á ári. Í slíku yfirliti skal m.a. koma fram hvort haldin hafi verið kynning á reglum meðal starfsmanna, hversu margar tilkynningar hafi komið til regluvarðar um viðskipti, hvort einhver viðskipti hafi átt sér stað án þess að rannsóknar- og tilkynningarskyldu væri sinnt og hve mörgum beiðnum um viðskipti var hafnað.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

34. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 5. mgr. 73. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfa- viðskipti og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2005.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

HAFNARREGLUGERÐ**fyrir Vestmannaeyjahöfn.**

1. gr.

*Stærð og takmörk hafnarinnar.**Hafnarsvæði.*

Höfnin skiptist í:

A: Innri höfn.

B: Ytri höfn.

C: Önnur hafnarsvæði.

Takmörk á sjó eru:

Innri höfn takmarkast af skjólgörðum á Hringsskeri og Hörgaeyri og landinu í kring.

Ytri höfn takmarkast af Heimakletti, Ystakletti að Klettsnefi og línu þaðan í hraunkantinn gegnt Klettsnefi (Skegglutanga).

Hafnarsvæði austan og norðan hafnarinnar takmarkast af línu er liggur frá Skegglutanga meðfram hrauninu að Urðarvita. Frá Urðarvita að Bjarnarey að sunnan og meðfram henni að norðvestur enda. Frá Bjarnarey að Elliðaey að norðvestan og þaðan í Faxasker að norðan. Frá Faxaskeri að norðan í rv. vestur að lengdarbaug 20°17'5 og þaðan rv. suður að Klifi. Meðfram Klifi, Eiði, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti að Klettsnefi og þaðan í Skegglutanga.

Takmörk á landi eru:

Athafnasvæði sem nær frá Hringsskersgarði að austan vestur með höfninni norðan Tangagötu að Skildingavegi og þaðan norðan Strandvegur vestur undir Hlíðarbrekkur.

Athafnasvæði vestan og norðan hafnarinnar austur að athafnasvæði Hörgeyrargarði. Námasvæði í Skansfjöru.

Strandsvæði ytri hafnar sem nær frá Skansfjöru austur að Urðarvita sunnan við innsiglinguna og að norðan frá Hörgeyrargarði, um Víkina, fyrir Klettsnef og norður og vestur fyrir að Stafsnesi.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Vestmannaeyjabær er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Vestmannaeyjabæjar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Öll erlend skip skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina.

Öll skip með hættulegan eða mengandi varning skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina.

Öll íslensk flutningaskip skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, og um innri höfnina.

Öll íslensk fiskiskip lengri en 50 m (meira en 700 bt) skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, og um innri höfnina.

Sérhvert skip, sem ætlar til Vestmannaeyjahafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 3 sjómílum undan mörkum ytri hafnar Vestmannaeyjahafnar, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðastliðin 3 ár og komið næstliðið ár a.m.k. 12 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð talstöðvar-samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónaðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipisflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olú, lýsi, olúsora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Suðurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvæðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Vestmannaeyjahafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 377/1985, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 30. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um skipulag í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi við Suðurhraun 1.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi við Suðurhraun 1 í Garðabæ í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur er stækkaður og skilgreindur er byggingarreitur fyrir spennistöð á lóðinni.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 6. júlí 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald og stofngjald vatnsveitu í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Vík, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Stofngjald vatnsveitu

Framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að

undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjur og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds vatnsveitu skv. 1. gr. skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum:

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar, eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund sem hér segir:

		Hús	Lóð kr./m ²
3a	Einbýlishús	5%	100
3b	Rað- og fjölbýlishús (mest 4 íbúðir)	4%	100
3c	Fjölbýlishús (5 íbúðir eða fleiri)	3,5%	100
3d	Iðnaðar- og athafnahúsnæði	2,0%	100
3e	Annað atvinnuhúsnæði, þ.m.t. opinberar stofnanir	4,0%	100
3f	Annað húsnæði – eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	3,0 – 6,0%	100
3g	Bifreiðageymslur – helmingur hundraðshluta viðkomandi byggingaflokks		

Rúmmál byggingar, þ.m.t. bifreiðageymslur og annað húsnæði, skal reikna eftir ÍST 50 og miða við brúttóstærðir.

Í atvinnuhúsnæði sem þarf vegna starfsemi sinnar meira en 5,5 metra lofthæð, skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við 5,5 metra lofthæð, þó hún sé meiri í raun.

Gjald vegna lóðar breytist um sama hlutfall og breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá janúar 2005.

Gjald skal miða við stærð húss og lóðar skv. samþykktum uppdrætti af húsi og skipulagsuppdrætti af lóð.

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur af húsi, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m ³
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða meira), hver íbúð	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls vegna álagningar gatnagerðargjalds miða við lofthæð að lágmarki 3,5 m, nema uppdráttur sýni annað. Aætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 – 0,5 eftir nánari ákvörðun skipulags- og bygginganefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við samþykktu uppdrætti.

Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á mannvirkjum skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald af stækkuninni, eftir því sem við á, en þó einungis á grundvelli rúmmálshluta gjaldsins.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

		Hlutfall gatnagerðargjalds
1.	Við úthlutun lóða í eigu sveitarfélagsins	20%
2.	Við útgáfu byggingarleyfis	30%
3.	Við útgáfu foheldisvottorðs	20%
4.	Innan eins árs frá útgáfu foheldisvottorðs	30%

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. og 2. tl. hér að framan, skal inna af hendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 4. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fohelt.

5. gr.

Stofngjald vatnsveitu (heimæðargjald) skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Mýrdalshrepps. Gjaldið skal álagt og innheimt við veitingu byggingarleyfis og vera sem hér segir:

Tegund byggingar	Grunngjald kr.	Rúmmetragjald kr./m³
A	Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta	10
B	Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	10

6. gr.

Vatnsgjald skal innheimt árlega af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitu í eigu Mýrdalshrepps. Gjaldið er 0,15 % af fasteignamati fasteignar og skal álagt og innheimt með fasteignagjöldum.

7. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2005 (304,7 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Stofngjöld vatnsveitu skulu endurgreidd með sama hætti og gatnagerðargjald.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds og tengigjalds vatnsveitu er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðar-

hafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Mýrdalshreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkveðdu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

9. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu (heimæðargjald) og vatnsgjald byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er fyrir 1. janúar 2007.

Samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, 12. maí 2005

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.

1. gr.

3. mgr. 38. gr. orðast svo:

Handlaug skal vera í hverri kennslustofu í grunnskólum. Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengun-
arvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Krossaneshaga, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í því að byggingarreitur á lóðinni nr. 6 við Njarðarnes lengist til austurs og vesturs en mjókkar til norðurs og suðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 5. júlí 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um tímabundna niðurfellingu aðflutningsgjalda af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þær.

Gildissvið.

1. gr.

Tollstjóri skal fella niður virðisaukaskatt og vörugjald af þeim vetnisbifreiðum sem fluttar eru inn til landsins í rannsóknarskyni, svo og virðisaukaskatt, vörugjald og toll af sérhæfðum varahlutum í þær, eins og kveðið er á um í reglugerð þessari. Allur innflutningur vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta í þær telst vera innflutningur í rannsóknarskyni.

Vetnisbifreiðar.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts og vörugjalds skv. 1. gr. nær til vetnisbifreiða í vöruliðum 8701, 8702, 8703, 8704, 8705, 8709, 8711 og 8713, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni og hafa í för með sér hverfandi mengun.

Sérhæfðir varahlutir í vetnisbifreiðar.

3. gr.

Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts, vörugjalds og tolls skv. 1. gr. nær til varahluta sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer og eru ónothæfir í önnur ökutæki:

1. Tæki til framleiðslu á vatnsgasi (gas generators), úr tnr. 8405.1000.
2. Sprengihreyflar í vörulið 8407, úr tnr. 8407.3100, 8407.3200, 8407.3300, 8407.3400 og 8407.9000.
3. Hlutar í sprengihreyfla í vörulið 8409, úr tnr. 8409.9100 og 8409.9900.
4. Vetnismótorar (efnarafall + straumbreytir + rafhreyfill), riðstraumsrafall með meira en 75 kVA til og með 375 kVA útafl (strætó með u.þ.b. 250 kW), úr tnr. 8501.6200.
5. Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir til véla í vörulið 8501 eða 8502, úr tnr. 8503.0000.

6. Straumbreytar (Inverters), úr tnr. 8504.4000.
7. Efnarafalar (Fuel cells) í vörulið 8506, úr tnr. 8506.8009 og hugsanlega úr öðrum númerum.
8. Rafgeymar (Battery pack) í vörulið 8507, mismunandi tnr. eftir gerð.
9. Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í tnr. 8701-8705, úr tnr. 8708.2900 og 8708.9900.
10. Hlutar fyrir vinnuvagna o.fl. í vörulið 8709, úr tnr. 8709.9000.
11. Hlutar og fylgihlutar til ökutækja í tnr. 8711-8713, úr tnr. 8711.9900.

Framkvæmd niðurfellingar aðflutningsgjalda.

4. gr.

Aðili sem hyggst flytja til landsins vetnisbifreið í rannsóknarskyni, og/eða sérhæfða varahluti í hana, og njóta við það réttar til niðurfellingar gjalda vegna innflutningsins, skal beina ósk um niðurfellingu gjalda hverju sinni til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan kemur til tollafgreiðslu.

Umsókn skal borin fram í aðflutningsskýrslu, ebl. E1, með því að rita viðeigandi undanþágutilvísun í reit 14 í skýrslunni. Með þessum hætti er innflytjandi að lýsa því yfir að hann sæki um undanþágu aðflutningsgjalda af tiltekinni vöru í vörusendingu samkvæmt þeim heimildum sem undanþágutilvísun nær til. Jafnframt felur slík umsókn í sér yfirlýsingu um að innflytjandi skuldbindi sig til að hlíta öllum þeim fyrirmælum, skilyrðum og takmörkunum sem í nefndum heimildum er að finna fyrir undanþágu gjaldanna og ráðstöfun vörunnar.

Tollstjórinn í Reykjavík annast gerð og útgáfu undanþágutilvísana og leiðbeininga um notkun þeirra.

Bókhald.

5. gr.

Innflytjendum samkvæmt reglugerð þessari ber að haga bókhaldi sínu með þeim hætti að aðgengilegt sé fyrir tollfyrivöld að staðreyna að sala eða nýting vöru, sem gjöld hafa verið felld niður af, sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Refsiákvæði.

6. gr.

Misnotkun á gjaldfríðindum samkvæmt reglugerð þessari getur varðað refsingu samkvæmt ákvæðum tollalaga.

Kæra á úrskurði tollstjóra um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

7. gr.

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra, er varðar rétt til niðurfellingar gjalda samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða synjun tollstjóra um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari. Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Innflytjanda skal sendur úrskurður tollstjóra í ábyrgðarbréfi og upplýsingar um kæruheimild til ríkistollanefndar, sbr. 2. mgr.

Úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. er heimilt að kæra til ríkistollanefndar innan 60 daga frá dagsetningu eða póstlagningu úrskurðar. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollanefnd skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Lagastoð og gildistaka.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 72/2005, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2005 og fellur úr gildi 31. desember 2008 og tekur til vetnisbifreiða, og sérhæfðra varahluta í vetnisbifreiðar, sem tollafgreidd eru á gildistíma hennar.

Fjármálaráðuneytið 5. júlí 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.*Elmar Hallgríms.***GJALDSKRÁ**

**fyrir afgreiðslu og þjónustu
vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.**

1. gr.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu er innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

Tegund byggingar		Grunngjald kr.	Rúmmetragjald kr./m ³
A	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum	15.000	100
B	Iðnaðarhúsnæði	15.000	50
C	Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	20.000	100
D	Frístundahús	5.000	100
E	Útihús á lögbýlum	5.000	80
F	Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minni	10.000	100
D	Niðurrif húsa	5.000	0
H	Endurnýjun eldra byggingarleyfis, óbreytt	5.000	0

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna byggingarerinda eru sem hér segir:

Tegund þjónustu:		Gjald	Athugasemdir
		kr.	
1	Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.	4.500	
2	Lóðarúthlutunargjald	15.000	Óendurkræft, þó lóðarúthlutun gangi til baka
3	Fokheldisvottorð	6.000	
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10.000	
5	Lokavottorð	10.000	
6	Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	4.000	
7	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	10.000	
8	Endurskoðun aðaluppdráttá	6.000	
9	Gerð stofnskjala vegna lóða *	3.000	Þegar hús er fokhelt
10	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	10.000	

* Þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala bætist við lið 9.

3. gr.

Einingarverð samkvæmt samþykkt þessari eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2005 (304,7 stig) og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

Öll gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknarkostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Mýrdalshreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

4. gr.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi við birtingu.

Samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps, 2. júní 2005.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarbyggð.

Deiliskipulag lóða nr. 36-38 við Borgarbraut í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. júlí 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Galtarholt II, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. júlí 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Skólar 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 7. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Breytingin felst í að:

1. Lóð íþróttahúss er stækkuð til norðurs og lóð grunnskóla minnkuð sem því nemur, en hún er jafnframt stækkuð til austurs.
2. Legu og stærð byggingarreits fyrir íþróttahús er breytt.
3. Melgerði er hliðrað til austurs við íþróttahúslóð.
4. Bifreiðastæðum er fjölgað og þau löguð að breyttri legu íþróttahúss.
5. Lóð íþróttahúss lækkar og aðkoma verður á tveim stöðum frá suðri.
6. Ákvæði í skilmálum um mænishæð íþróttahúss er breytt úr 12 m í 16 m; jafnframt er gólfkóti lækkaður til mótvægis.

Uppdráttur ásamt nýjum skipulags- og byggingarskilmálum hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir allir eldri uppdrættir sem og skipulags- og byggingarskilmálar.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 4. júlí 2005.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanolum og/eða jurtastanólestrum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 frá 31. mars 2004 um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanolum og/eða jurtastanólestrum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163 frá 3. desember 2004 og var birt í EES-viðbættum 26. maí 2005.

Framangreind EB-gerð er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum samanber og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Kristín L. Árnadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 608/2004**

frá 31. mars 2004

um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum og/eda jurtastanólestrum**(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/89/EB⁽²⁾, einkum 2. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Jurtasteról, jurtasterólestrar, jurtastanól og jurtastanólestrar minnka kólesterólmagn í sermi en geta einnig minnkað β -karótín magn í blóðsermi. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin höfðu því samráð við vísindanefnina um matvæli (SCF) um áhrif þess að neyta jurtasteróla, jurtasterólestra, jurtastanóla og jurtastanólestra af margvíslegum toga.
- 2) Vísindanefndin um matvæli staðfesti í álitinu sínu frá 26. september 2002 um almennt yfirlit yfir langtíma-áhrif aukinnar neyslu jurtasteróla úr ýmiss konar matvælum, með sérstakri áherslu á áhrif β -karótíns, að þörf væri á að merkja jurtasteról, jurtasterólestra, jurtastanól og jurtastanólestra eins og tilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/500/EB frá 24. júlí 2000 um að heimila að „gul smyrja með viðbættum jurtasterólestrum“ verði markaðssett sem ný matvæli eða ný innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97⁽³⁾. Vísindanefndin um matvæli benti einnig á að engar vísbendingar væru um aukinn ávinning af inntöku af meira en 3 g á dag og að inntaka á stórum skömmtum gæti haft óæskileg áhrif og því væri skynsamlegt að forðast að inntakan verði meiri en 3 g af plöntusteróli á dag.
- 3) Framleiðsluvörur, sem innihalda jurtasteról eða jurtastanól, skulu boðnar til sölu sem stakir skammtar, sem innihalda annaðhvort að hámarki 3 g eða að hámarki 1 g af jurtasterólum eða jurtastanólum sem eru reiknuð sem óbundin jurtasteról eða jurtastanól. Þegar þetta á ekki við skal taka skýrt fram hvað telst vera eðlilegur skammtur matvælanna, gefinn upp sem g eða ml, og magn jurtasteróls eða jurtastanóls, reiknað sem óbundin jurtasteról eða jurtastanól, í slíkum skammti. Samsetning og merking framleiðsluvara skal ætíð vera þannig að notendur geti auðveldlega

takmarkað neyslu á jurtasteróli eða jurtastanóli við 3 g á dag að hámarki með því að neyta annaðhvort eins skammtis, sem inniheldur að hámarki 3 g, eða þriggja skammta sem innihalda 1 g að hámarki.

- 4) Til þess að auka skilning neytenda er rétt að orðið „plöntu-“ komi í stað orðsins „jurtu-“ á merki-miðanum.
- 5) Með ákvörðun 2000/500/EB var heimilt að bæta tilteknum jurtasterólestrum við gula smyrju. Í henni eru settar fram tilteknar kröfur um merkingar til að tryggja að framleiðsluvörurnar nái til markhópsins, nánar tiltekið til fólks sem vill minnka kólesterólmagníð í blóðinu.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þessi reglugerð gildir um matvæli og innihaldsefni matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum eða jurtastanólestrum.

2. gr.

Að því er varðar merkingu skulu jurtasteról, jurtasterolestri, jurtastanól og jurtastanolestri táknuð með hugtökunum „plöntusteról“, „plöntusterolestri“, „plöntustanól“ og „plöntustanolestri“ eða fleirtölumynd þeirra eftir því sem við á.

Með fyrirvara um aðrar kröfur í lögum Bandalagsins eða landslögum varðandi merkingar matvæla, skal í merkingu matvæla eða innihaldsefna matvæla með viðbættum jurtasterólum, jurtasterólestrum, jurtastanólum eða jurtastanólestrum koma fram eftirfarandi:

1. Í næstu nánd við söluheiti framleiðsluvörurnar skulu vera, auðsjáanleg og læsileg, orðin: „með viðbættu plöntusteróli eða plöntustanóli“.
2. Magn viðbættis jurtasteróls, jurtasterólestra, jurtastanóls eða jurtastanólestra (gefið upp sem % eða sem g af óbundnum plöntusterólum eða plöntustanólum á 100 g eða 100 ml af matvælunum) skal koma fram í skránni yfir innihaldsefni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.⁽²⁾ Stjtið. EB L 308, 25.11.2003, bls. 15.⁽³⁾ Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 59.

3. Þar skal vera yfirlýsing um að framleiðsluvaran sé einungis fyrir fólk sem vill minnka kólesterólmagn í blóði.
4. Þar skal vera yfirlýsing um að sjúklingar, sem taka lyf til að minnka kólesteról, skuli einungis neyta vörunnar undir eftirliti læknis.
5. Þar skal vera auðsjáanleg og læsileg yfirlýsing um að framleiðsluvaran sé í næringarfræðilegu tilliti ef til vill ekki heppileg fyrir þungaðar konur eða konur með börn á brjósti og börn yngri en fimm ára.
6. Þar skal gefið það ráð að framleiðsluvaran skuli vera hluti af rétt samsettu og fjölbreyttu mataræði sem felst m.a. í reglulegri neyslu ávaxta og grænmetis til að viðhalda karóténóídmagni.
7. Á sama svæði og um getur í 3. lið hér að framan skal vera yfirlýsing um að forðast skuli neyslu meira en 3 g af viðbættum plöntusterólum eða plöntustanólum á dag.

8. Þar skal vera skilgreining á skammti viðkomandi matvæla eða innihaldsefna matvælna (helst í g eða ml) ásamt yfirlýsingu um magn plöntusteróls eða plöntustanóls í hverjum skammti.

3. gr.

Matvæli og innihaldsefni matvæla með viðbættum jurstanólestrum, sem eru komin á markað í Bandalaginu, eða hvers kyns „gul smyrja með viðbættum jurtasterólestrum“, sem voru leyfð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/500/EB og eru framleidd sex mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu vera í samræmi við ákvæði 2. gr. um merkingu.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Vaðlabrekku, íbúðarsvæðis í landi Veigastaða II, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 27. maí 2005 samþykkt deiliskipulag Vaðlabrekku íbúðarsvæðis í landi Veigastaða II.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tíu einbýlishúsalóðum, á hluta jarðarinnar Veigastaða II í Svalbarðsstrandarhreppi. Skipulagssvæðið er staðsett vestan Veigastaðavegar nr. 828 og austan skógræktarsvæðisins Vaðlareits. Stærð skipulagssvæðisins er um 4 ha.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 6. júlí 2005.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag nýrrar frístundabyggðar og íbúðarsvæðis, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga númer 73/1997, samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 16. júní sl. nýtt deiliskipulag frístundabyggðar og íbúðarsvæðis í landi Núps II, í Fljótshlíð.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. júlí 2005.

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fæðubótarefni, nr. 624/2004.

1. gr.

Orðin: „á sama sjónsviði og heiti vörunnar“ í 1. tl. 5. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Í stað orðanna: „fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti“ í 7. gr. reglugerðarinnar komi: fer samkvæmt reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1994.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

Þegar vara, sem fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar, er markaðssett í fyrsta sinn skulu innlendir framleiðendur eða innflutningsaðilar tilkynna það til Umhverfisstofnunar á þar til gerðum eyðublöðum og afhenda eintak af merkimiðanum sem fylgir vörinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum um matvæli nr. 93/1995 sbr. og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun 2002/46/EB sem vísað er til í 54zzi. tl., XII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 42 og 44 við Klettaberg í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 42 og 44 við Klettaberg í Hafnarfirði. Breytingin felst í breytingu á hæðum í lóð og stækkun byggingarreits. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 4. júlí 2005.

Helga Stefánsdóttir verkefnisstjóri.

1. júlí 2005

Nr. 686

REGLUGERÐ

um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2006.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

2. gr.

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2006 og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum öikumanni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

Endurgreiðslubeiðni.

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölu- eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölu- eða greiðsluskjala þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

Afgreiðsla á umsóknnum.

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafist umsækjanda og viðsemjanda hans nánari skýringa á viðskiptunum.

Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 72/2005, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, kemur í stað reglugerðar nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Stórholt og Háholt, á Þórshöfn, Þórshafnarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Þórshafnarhrepps þann. 31. maí 2005 samþykkt deiliskipulag við Stórholt og Háholt á Þórshöfn. Greinargerð, uppdráttur og athugasemdir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Þórshafnarhrepps, 30. júní 2005.

Sigurður Ragnar Kristinsson oddviti.

REGLUGERÐ

um stærð og þyngd ökutækja.

I. KAFLI

Skýringar og gildissvið.

1. gr.

Skýringar.

- 1.1 *Vagnlest:* Vélknúíð ökutæki sem eftirvagn eða tengitæki er tengt við.
- 1.2 *Eftirvagn:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga:
 - 1.2.1 *Tengivagn:* Eftirvagn á tveimur ásum eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki án þess að lóðréttir kraftar geti flust á milli ökutækjanna.
 - 1.2.2 *Festivagn:* Eftirvagn á einum ási eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki þannig að hluti af þyngd eftirvagnsins hvílir á því.
 - 1.2.3 *Hengivagn:* Eftirvagn á einum eða tveimur ásum sem tengdur er við dráttartæki þannig að lóðréttir kraftar færast á milli ökutækjanna.
 - 1.2.4 *Liðvagn:* Hópbifreið sem sett er saman úr tveimur ósveigjanlegum hlutum, tengdum saman með liðamótum, sem innangengt er á milli.
 - 1.2.5 *Jafnhitavagn:* Ökutæki með fastri eða færanlegri yfirbyggingu sem sérstaklega er búin til að flytja vörur við stillanlegt hitastig og hefur a.m.k. 45 mm þykka hliðarveggi að einangrun meðtalinni.
- 1.3 *Tengitæki:* Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Ennfremur hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagn.
- 1.4 *Áspungi:* Þungi ökutækis sem hvílir á hjólum á einum ási eða ásasamstæðu.
- 1.5 *Heildarþyngd ökutækis:* Þyngd ökutækis eða vagnlestar með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum.
- 1.6 Í reglugerð þessari er átt við hámark leyfilegrar stærðar (lengdar, breiddar og hæðar), þyngdar ökutækis eða leyfilegs hraða þess, þegar fjallað er um slík mörk.

2. gr.

Gildissvið

- 2.1 Reglugerð þessi gildir um stærð og þyngd bifreiðar, eftirvagns, tengitækis og, eftir því sem við á, dráttarvélar og vinnuvélar sem ætluð eru til notkunar á vegum.
- 2.2 Um stærð og þyngd ökutækja, sem skráð eru hér á landi en notuð í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES), gilda ákvæði tilskipunar nr. 96/53/EB með síðari breytingum og ákvæði viðkomandi ríkis.

II. KAFLI

Stærð ökutækis.

Almenn ákvæði.

3. gr.

Varúð.

- 3.1 Ökumaður ökutækis, sem reglugerð þessi gildir um, skal sýna sérstaka varúð í umferðinni með tilliti til stærðar og þunga ökutækis/vagnlestar og skal víkja greiðlega fyrir öðrum ökutækjum og nema staðar ef þörf krefur.
- 3.2 Ökumaður skal gæta þess sérstaklega, með tilliti til hæðar ökutækis, að valda ekki hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður.

4. gr.

- 4.1 Mál sem tilgreind eru um lengd, breidd og hæð ökutækja eiga einnig við lausar yfirbyggingar og staðlaðar farneiningar, t.d. gáma, svo og um farm ökutækis.

5. gr.

- 5.1 Aftan á vagnlest, sem er lengri en 18,75 m skal vera a.m.k. eitt skilti með gulum fleti og rauðum jaðri, með áletruninni „LANGT ÖKUTÆKI“, sbr. III. viðauka. Öheimilt er að hafa skiltið aftan á vagnlest sem er 16,50 m eða styttri.

Lengd ökutækis.

6. gr.

- 6.1 Leyfileg lengd:

- 6.1.1 hóp bifreið með fleiri en tvo ása, 15,00 m,
6.1.2 hóp bifreið með tvo ása, 13,50 m,
6.1.3 hóp bifreið sem er liðvagn, 18,75 m,
6.1.4 bifreið, önnur en hóp bifreið, 12,00 m,
6.1.5 eftirvagn, 12,00 m,
6.1.6 vagnlest, hóp bifreið með eftirvagn eða tengitæki, 18,75 m,
6.1.7 vagnlest, bifreið, önnur en hóp bifreið, með festi- eða hengivagni eða samsvarandi tengitæki, 18,75 m,
6.1.8 vagnlest, bifreið önnur en hóp bifreið, með tengivagni eða samsvarandi tengitæki, 22,00 m.
- 6.2 Lengd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta sem standa lengst fram og lengst aftur. Þó skal mæla lengd eftirvagns frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengihluta hans að aftasta hluta eftirvagnsins. Lárétt fjarlægð frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengipinna að hvaða hluta sem er fremst á festivagninum má mest vera 2,04 m.
- 6.3 Bifreið, svo og vagnlest, skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 5,30 m radíus í innri hring. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir vagnlest með festivagni ef fjarlægð frá tengipinna vagnsins til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 7,90 m.

7. gr.

- 7.1 Fjarlægð, mæld samhliða lengdarási vagnlestar sem er bifreið með tengivagni, frá fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins, að frádreginni fjarlægðinni milli afturenda dráttartækisins og framenda vagnsins, má mest vera 18,90 m.
- 7.2 Fjarlægð, mæld samhliða lengdarási vagnlestar með tengivagni frá fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins, má mest vera 19,65 m.
- 7.3 Fjarlægð milli aftasta áss bifreiðar og fremsta áss tengivagns má ekki vera minni en 3,00 m.

Breidd ökutækis.

8. gr.

- 8.1 Leyfileg breidd bifreiðar og eftirvagns er 2,55 m með þeirri undantekningu að yfirbygging jafnhitavagns má vera 2,60 m.
- 8.2 Leyfileg breidd vinnuvélar, eftirvagns hennar eða tengitækis til landbúnaðarstarfa eða vegavinnu er 3,30 m. Lögreglan getur bannað akstur slíkra ökutækja þegar sérstaklega stendur á.
- 8.3 Breidd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta þess sem standa lengst til hliðar. Speglar

eða ljóssker, önnur en aðal-, vinnu- og hliðarljóssker, svo og keðjur á hjólum, eru ekki talin til breiddar ökutækis.

9. gr.

- 9.1 Breidd eftirvagns eða tengitækis, sem bifreið dregur, má ekki vera meiri en sem nemur 30 cm út fyrir hvora hlið bifreiðar.

Hæð ökutækis.

10. gr.

- 10.1 Leyfileg hæð ökutækis er 4,20 m.
10.2 Hæð ökutækis skal mæld hornrétt frá yfirborði vegar að þeim hluta þess sem hæst stendur.

Undanþága frá reglum um lengd, breidd og hæð ökutækis.

11. gr.

- 11.1 Lögreglustjóri getur, að höfðu samráði við veghaldara, veitt undanþágu frá reglum um lengd, breidd og hæð ökutækis þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga sem ekki geta með góðu móti farið fram með öðrum hætti.
11.2 Lögreglustjóri getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.
11.3 Undanþágu skv. 11.1 má veita fyrir einn flutning eða í tiltekinn tíma, allt að ári.
11.4 Þegar undanþága varðar flutning um tvö eða fleiri lögregluumdæmi, veitir lögreglustjóri, þar sem ferð hefst, leyfið.

12. gr.

- 12.1 Brot á skilyrðum undanþágu skv. 11. gr. getur varðað afturköllun undanþágunnar.
12.2 Leyfi skv. 11. gr. skal vera skriflegt og leyfisbréf vera í bifreið meðan á flutningi stendur.

III. KAFLI

Heildarþyngd og áspungi ökutækis.**Almenn ákvæði.**

13. gr.

- 13.1 Í I. viðauka reglugerðarinnar er kveðið á um leyfilega heildarþyngd og áspunga ökutækis. Ákvæði II. viðauka gilda um slíkt hámark á vegum sem ekki þola þá þyngd sem tilgreind er í I. viðauka. Veghaldari getur gefið út skrá yfir vegi sem falla undir ákvæði I. og II. viðauka en ella gilda ákvæði I. viðauka.
13.2 Áspungi drifáss eða drifása bifreiðar má ekki vera innan við 25% af leyfilegri heildarþyngd bifreiðar eða vagnlestar.
13.3 Leyfileg heildarþyngd og áspungi ökutækis miðast við að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ekki meiri en 8 bör eða 116 psi, mælt í köldum hjólbarða. Þó má loftþrýstingur vera 9 bör í negldum snjóhjólbörðum.
13.4 Leyfileg heildarþyngd bifreiðar með fimm eða sex ásum er 32 tonn og gilda þá ákvæði liðar 1.3.3 í I. viðauka. Leyfileg heildarþyngd bifreiðar á beltum er 12 tonn.

14. gr.

- 14.1 Ökutæki má ekki hlaða þannig að heildarþyngd þess eða áspungi verði meiri en heimilað er í skráningarskrárteini þess.

15. gr.

- 15.1 Veghaldari getur takmarkað tímabundið leyfilega heildarþyngd og leyfilegan áspunga ökutækja skv. 13. gr., miðað við burðarþol brúar eða vegar, svo sem þegar frost fer úr vegi. Þegar þungatakmarkanir eru í gildi skal heildarþyngd og áspungi vera í samræmi við V. viðauka.

Undanþágur frá leyfilegri heildarþyngd ökutækis.

16. gr.

- 16.1 Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum um heildarþyngd ökutækja á einstökum vegum eða vegarköflum og leyft allt að:
- 16.1.1 44 tonna heildarþunga vagnlestar sem er að lágmarki 5 ása enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- 16.1.1.1 hver ás, nema framás bifreiðar, sé á tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur,
- 16.1.1.2 lágmarks hjólbarðastærð skal vera 275/70R22,5,
- 16.1.1.3 bifreið sé með drifi á a.m.k. tveimur sívirkum drifásum,
- 16.1.1.4 þungi á framási sé 7 tonn en á öðrum ásum ekki meiri en 10 tonn og
- 16.1.1.5 loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása (eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjöðrun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbarðastærð að lágmarki 385/65R22,5) og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða.
- 16.1.2 49 tonn fyrir vagnlest sem er að lágmarki 6 ása, enda séu uppfyllt:
- 16.1.2.1 sömu skilyrði og tilgreind eru í 16.1.1, og
- 16.1.2.2 a.m.k. 13,5 m séu milli fremsta og aftasta áss vagnlestar og a.m.k. 6 m frá aftasta ási ökutækis að fremsta ási festivagns.
- 16.2 Veghaldari getur bundið undanþágu við ástand vega hverju sinni og gerð ökutækis.

17. gr.

- 17.1 Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum um leyfilega heildarþyngd og áspunga ökutækis þegar brýna nauðsyn þykir bera til vegna sérstakra flutninga. Leyfið skal því aðeins veitt að flutningarnir geti ekki með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Leyfið skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.
- 17.2 Veghaldari getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.

18. gr.

- 18.1 Brot á skilyrðum undanþágu skv. 16. og 17. gr. getur varðað afturköllun undanþágu. Synja má um undanþágu hafi umsækjandi ítrekað gerst sekur um slíkt brot.
- 18.2 Undanþága skv. 16. og 17. gr. skal vera skrifleg og leyfisbréf vera í bifreið meðan á flutningi stendur.

IV. KAFLI

Lögregluadstoð og eftirlit.

19. gr.

- 19.1 Sá sem fær undanþágu til flutninga skv. 17. gr. skal greiða fyrir lögregluadstoð sem að mati lögreglustjóra er þörf á við flutninginn. Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður þessi verði greiddur fyrirfram eða að sett verði trygging sem hann metur gilda fyrir greiðslu hans.

20. gr.

20.1 Vegagerðin annast auk lögreglu eftirlit með áspunga og heildarþyngd ökutækja. Sérstökum eftirlitsmönnum hennar er heimilt að stöðva ökutæki til þess að vigta þau og gera aðrar athuganir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna eftirlits. Reynist heildarþyngd eða áspungi ökutækis meiri en heimilt er, ber ökumanni, krefjist eftirlitsmaður þess, að létta ökutækið áður en akstri er fram haldið eða fara eftir öðrum fyrirmælum sem eftirlitsmaður gefur um áframhaldandi akstur ökutækis.

V. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

21.1 Reglugerð þessi er sett skv. 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987 og til innleiðingar á tilskipun ráðsins nr. 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/7/EB sem breytir henni sbr. eftirfarandi yfirlit:

Töluíður í XIII. viðauka	Gerðir EB/EBE	Breytingar	Dagsetning gerða EB/EBE	Stjórnartíðindi EB	Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarimmar	Birting EES-gerðar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB
15a	Tilskipun ráðsins nr. 96/53/EB		25.07.1996	L 019; 24.01.1998	Nr. 24/97	37, 04.09.1997
		Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/7/EB	18.02.2002	L067; 09.03.2002	Nr. 130/2002	61, 12.12.2002

Gerðir eru birtar, ásamt viðeigandi EES-ákvörðun, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Tilgreint er númer og ártal EES-ákvörðunar, svo og númer og útgáfudagur þess heftis EES-viðbætis sem tilskipunin er birt í. Umferðarstofa veitir nánari upplýsingar um efni einstakra tilskipana og hvar þær er að finna. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 528/1998, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umferðarstofa getur veitt undanþágu frá reglum um lengd vagnlestar, bifreiðar með tengivagni, þannig að lengdin megi vera allt að 25,25 metrum. Slík undanþága má gilda allt til 15. maí 2007. Undanþága skal bundin við þá vegi og þann tíma sem greinir í IV. viðauka.

Lögreglustjóri getur þó sett þrengri tímamörk en kveðið er á um í undanþágunni. Um aðra vegi og tíma gilda ákvæði 11. gr. um undanþágu vegna sérstakra flutninga.

Skilyrði fyrir útgáfu undanþágu eru þessi:

- Vagnlest skal vera unnt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 2,00 m radíus í innri hring. Þessu skilyrði er talið fullnægt sé fjarlægð frá framenda bifreiðar að miðju aftasta áss tengivagns ekki meiri en 22,50 m og fjarlægð frá miðju snúningskrans tengivagns til miðju fræðilegs afturáss ekki meiri en 8,15 m.
- Lengd farmrymis tengivagns má ekki vera meiri en 13,60 m.
- Bifreið og tengivagn skulu búin hemlum með læsivörn.
- Bifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.

- e. Aftan á tengivagni skal vera merki með áletruninni „UNDANÞÁGA VEGNA LENGDAR“, sjá mynd:



- f. Umferðarstofa getur afturkallað undanþágu, þyki sérstök ástæða til vegna umferðaröryggis.
Brot á skilyrðum undanþágu getur varðað afturköllun undanþágu. Synja má um undanþágu hafi umsækjandi ítrekað gerst sekur um slíkt brot.
Undanþága skal vera skrifleg og leyfisbréf vera í bifreið meðan á flutningi stendur.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum.

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	Tonn	Lýsing ökutækis
1.1		Ökutæki sem er hluti vagnlestar:
1.1.1	18	Tvíása tengivagn
1.1.2	24	Þríása tegnivagn
1.2		Vagnlest
1.2.1		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og tengivagn:
1.2.1.1	40	Tvíása bifreið með þríása tengivagni
1.2.1.2	40	Þríása bifreið með tvíása tengivagni
1.2.1.3	40	Þríása bifreið með þríása tengivagni, og
	44	sé drífás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drífás er með fjórum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.1.4	44	Fjórása bifreið með tvíása tengivagni

1.2.2		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og festivagn:
1.2.2.1	40	Tvíása bifreið með þríása festivagni
1.2.2.2	40	Þríása bifreið með tvíása festivagni
1.2.2.3	44	Þríása bifreið með tví- eða þríása festivagni þar sem vagnlest ber 40 feta ISO gám
1.2.2.4	40	Þríása bifreið með þríása festivagni og
	44	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og þyngd hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.3.5	44	Fjórása bifreið með tvíása festivagni
1.2.3	36	Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása tengivagn
1.2.4		Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása festivagn, sé fjarlægðin milli ása festivagns:
1.2.4.1	36	1,3 m eða þar yfir, þó ekki yfir 1,8 m
1.2.4.2	36	yfir 1,8 m + 2 tonn þegar ákvæði um leyfilega heildarþyngd bifreiðar (18 tonn) og tvíása festivagns (20 tonn) eru virt og drifás er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB
1.3		Bifreið:
1.3.1	18	Tvíása bifreið
1.3.2	25	Þríása bifreið eða
	26	sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða hver drifás sé með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.3.3	32	Fjórása bifreið með tveimur stýrisásum:
		a. sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða
		b. sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss ekki meiri en 9,5 tonn
<i>Aðrir eiginleikar ökutækis:</i>		
		Heildarþyngd fjórása bifreiðar í tonnum, má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð milli fremsta og aftasta áss bifreiðar í metrum.
1.4	28	Þríása liðvagn
<i>Leyfilegur áspungi:</i>		
	Tonn	Lýsing áss
2.1	10	Einn ás sem er ekki drifás
2.2		Heildaráspungi á tvíása samstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.2.1	11	minni en 1 m ($f < 1,0$ m)
2.2.2	16	frá 1,0 m og upp að 1,3 m ($1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$)
2.2.3	18	frá 1,3 m upp að 1,8 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$)
2.2.4	20	1,8 m og þar yfir ($1,8 \text{ m} < f$)
2.3		Heildaráspungi á þríásasamstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.3.1	21	1,3 m eða minna ($f < 1,3$ m)
2.3.2	24	yfir 1,3 m og upp að 1,4 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,4 \text{ m}$)
2.4		Drifás
2.4.1	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.1. og 1.2.2
2.4.2	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.3., 1.2.4., 1.3. og 1.4
2.5		Samanlagður áspungi á hverja tvíása samstæðu í bifreið með fjarlægð milli ása (f):
2.5.1	11,5	innan við 1 m ($f < 1,0$ m)


2.5.2	16	frá 1,0 m og allt að 1,3 m ($1,0\text{ m} < f < 1,3\text{ m}$)
2.5.3	18	frá 1,3 m og allt að 1,8 m ($1,3\text{ m} < f < 1,8\text{ m}$)
	19	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn

VIÐAUKI II

Leyfileg heildarþyngd og áspungi á vegum sem ekki falla undir viðauka I.

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	Tonn	
1.1		Vagnlest
1.1.1	40	Allar vagnlestir
1.1.2	18	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	14	með einföldum hjólum
1.1.3	22	Þríásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	18	með einföldum hjólum
<i>Leyfilegur áspungi:</i>		
	Tonn	Lýsing áss
2.1	10	Einn ás með tvöföldum hjólum og
	7	með einföldum hjólum
2.2.1	10	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	7	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,0 m ($f < 1,0\text{ m}$)
2.2.2	16	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	11	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,0 m til 1,3 m ($1,0\text{ m} < f < 1,3\text{ m}$)
2.2.3	16	Tvíásasamstæða með tvöföldum hjólum,
	13,5	með tvöföld hjól á öðrum ási sé bil milli ása frá 1,3 m til 1,8 m ($1,3\text{ m} < f < 1,8\text{ m}$) og
	11	með einföldum hjólum
2.3.1	16	Þríásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	11	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,3 m ($f < 1,3\text{ m}$)
2.3.2	22	Þríásasamstæða með tvöföldum hjólum og
	16	með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,3 m til 1,4 m ($1,3\text{ m} < f < 1,4\text{ m}$)

VIÐAUKI III

Merki fyrir langt ökutæki.


Langt ökutæki

<i>Merki:</i>	
a.	Skilti með áletrun „LANGT ÖKUTÆKI“ og skilti með áletrun „UNDANÞÁGA VEGNA LENGÐAR“ skal vera ferhyrnt, a.m.k 900 mm langt með a.m.k 25 mm breiðum rauðum jaðri. Stafir skulu vera, svartir á gulum grunni, a.m.k. 70 mm háir og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.
b.	Skilti um leyfilegan hraða skal vera hringlaga, 200 mm að þvermáli og með svörtum jaðri. Áletrun skal vera „80“ með svörtum stöfum 120 mm háum. Leturgerðin skal vera blokkskrift.

VIÐAUKI IV

Varðar undanþágu fyrir vagnlestir samkvæmt bráðabirgðaákvæði II.

<i>Tímamörk:</i>			
A.	Hvenær ekki má aka vagnlest sem undanþágu hefur samkvæmt bráðabirgðaákvæði II:		
a.	Frá kl. 18.00 á föstudegi til kl. 24.00 næsta sunnudag og allan sólarhringinn á almennum frídegi sem ber upp á mánudag – fimmtudag.		
b.	Á páskum frá kl. 24.00 á þriðjudegi fyrir páska til kl. 8.00 á þriðjudegi eftir páska. Á hvítasunnu og verslunarmannahelgi frá kl. 24.00 á fimmtudegi til kl. 8.00 á þriðjudegi og á jólum frá kl. 24.00 á þorláksmessu til kl. 8.00 þriðja í jólum.		
<i>Vegir:</i>			
B.	Undanþága samkvæmt bráðabirgðaákvæði II gildir á eftirtöldum þjóðvegum:		
Númer	Nafn	Númer	Nafn
1	Hringvegi, þó ekki frá Mývatnsvegi (848) hjá Arnarvatni að Kísilvegi (87) hjá Reykjahlíð og frá Egilsstöðum að Suðurfjarðavegi (96) við Breiðdalsvík	38	Þorlákshafnarvegi, frá Þorlákshöfn að Þrengslavegi (39)
39	Þrengslavegi	40	Hafnarfjarðarvegi
41	Reykjanesbraut	43	Grindavíkurvegi
44	Hafnavegi	45	Garðskagavegi
46	Víknavegi	49	Nesbraut, frá Hringvegi (1) að Reykjanesbraut (41) við Ananaust
413	Breiðholtsbraut	419	Höfðabakka, frá Nesbraut (49) að Reykjanesbraut (41)
421	Vogavegi	425	Nesvegi
453	Sundagörðum	454	Holtagörðum
470	Fjarðarbraut, þó ekki frá Norðurbakka að Fornu búðum	4540	Víðinesvegi, frá Hringvegi (1) að Sorpu
51	Akrafallssvegi	54	Snæfellsnesvegi, frá Hringvegi (1) að Vatnaleið (56) við Vegamót og frá Útnesvegi (574) við Fróðá að Stykkishólmsvegi (58)
56	Vatnaleið	58	Stykkishólmsvegi
574	Útnesvegi, frá Rifi að Snæfellsnesvegi (54) við Fróðá	72	Hvammstangavegi
74	Skagastrandarvegi	75	Sauðárkróksbraut
76	Siglufrjarðarvegi, frá Sauðárkróksbraut	82	Ólafsfjarðarvegi, frá Hringvegi (1) til

	(75) til Siglufjarðar		Ólafsfjarðar
83	Grenivíkurvegi	85	Norðausturvegi, frá Hringvegi (1) til Húsavíkur
845	Aðaldalsvegi	848	Mývatnsvegi
87	Kísilvegi	93	Seyðisfjarðarvegi
92	Norðfjarðarvegi	96	Suðurfjarðavegi
Auk þess gildir undanþágan á eftirtöldum götum í Reykjavík:			
	Sægörðum		Kleppsmýrarvegi
	Skútuvogi		Grandagarði
	Faxagötu		

Fylgiskjal.

Leyfilegur áspungi og heildarþyngd samkvæmt viðauka I.

Áspungi í viðauka I

ás	tonn	tviás	bil milli ása m				þriás	bil milli ása m	
			<1,0 tonn	≥1,0 <1,3 tonn	≥1,3 <1,8 tonn	≥ 1,8 tonn		< 1,3 tonn	≥1,3 <1,4 tonn
	10		11	16	18	20		21	24
	11,5		11,5	16	18	20			
			11,5	16	19	20			
			11,5	16	19*	20			

* áspungi fari ekki yfir 9,5 t.

44 og 49 tonna undanþáguvagnlestir

framás	tonn	bil milli ása m		tonn
	7		18	24
			19	





Tví-, þrí- og fjórása bifreiðar

Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:



1. drifás er með 4 hjólum og loftfjóðrum, enda hvíli minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.

⊙ = Drifás




Heildarþungi á fjórása ökutæki er 32 tonn þegar drifás er með 4 hjólum og loftfjóðrum eða tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.

Leyfileg heildarþyngd á fjórása vélknúnu ökutæki má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækis.



Þríása liðvagnar.







Heildarþungi 28



Dráttarþifreið með hengi- eða tengivagni

Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:

1. drifás er með 4 hjólum og loftfjórðum, enda hvíli minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áspungi ekki yfir 9,5 t.




Fjórása bifreiðar með eftirvagni.

Fjórása bifreiðar skulu búnar a. m. k. 2 drifásum með 8 hjólum, þegar um samtengda vagnlest er að ræða.

Leyfileg heildarþyngd á fjór ása vélknúnu okutæki má ekki fara yfir sexfalda fjarðlægd í metrumilli fremsta og aftasta áss okutækis.






☉ = Drifás



Dráttarbifreið með festivagni





Tvíás getur orðið allt að 19 tonn ef:

1. drifás er með 4 hjólum og loftfjórnum, enda hvili minnst 25% af heildarþ. á ásnum.
2. tveir drifásar með 8 hjólum, enda fari áþpungi ekki yfir 9,5 t.




Leyfilegur áspungi og heildarþyngd samkvæmt viðauka II.

Tví-, þrí- og fjórása bifreiðar




Þríása liðvagnar.






Heildarþyngi 24



Dráttarþreifreið með hengi- eða tengivagni



Dráttarbifreið með festivagni





Undanþáguvagnlest fyrir leyfðan 44/49 tonna heildarþunga



Undanþáguvagnlestir skulu búnar 2 sívirkum drifásum og hafa 4 hjól og loftfjaðrir á öllum ásnum nema framás.

Hámark er á loftþrýstingi í hjólbörðum, 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framáss eða 7,5 bör eða 109 psi sé framás með loftfjöðrum eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbardastærð að lágmarki 385/65R22,5 og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarda.

Lágmarksstærð hjólbarda 275/70R22,5











Heildarþungi 49 tonn



Lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta samkvæmt reglum um stærð og þyngd ökutækja

Öll mál í metrum




Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja Samanburður á áspunga, í viðauka 1 og 2.				
Áspungi er miðaður við að bil milli ása sé. 1.3 - 1,8 m á tviás og 1.3 - 1,4 m á þriás.		Þyngdir í tonnum		
		Viðauki 2.	Viðauki 1. Drifás	
Ás með tveimur hjólum		7	10	11,5
Ás með fjórum hjólum		10	10	11,5
Tviás með fjórum hjólum		11	18	18
Tviás með átta hjólum		16	18	Bládfjórir Tvo drif 19
Tviás með sex hjólum		13,5	18	Lofffjórir eitt drif 19
Þriás með sex hjólum		16	24	
Þriás með tólf hjólum		22	24	

Almenn ákvæði

Að minnst **25%** af heildarþunga Bifreiðar / Vagnlestar, hvíll á drifás ökutækis.












Bifreið svo og samtengdum ökutækjum, skal vera hægt að aka á snúningsboga eins og sýnt er hér að neðan.



Með vísan til 15. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja nr. 688/2005 takmarkar Vegagerðin tímabundið mestu leyfða heildarþyngd og leyfðan áspunga á vegum þegar nauðsyn kefur miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan áspunga við 2, 5, 7 eða 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mestu leyfða heildarþyngd og áspunga:

Pungi skal vera sem hér segir:

	Ásar	Burðarflokkar			
		 10 tonn	 7 tonn	 5 tonn	 2 tonn
Þegar áspungi er takmarkaður við 10 tonn er tviáspungi miðaður við að bil milli ása sé 1,3 - 1,8 m og 1,3 - 1,4 m á þríás.					
Ás með tveimur hjólum		7	5 ^{*2)}	3	2
Ás með fjórum hjólum		10	7	5	2
Tviás með fjórum hjólum		11	7	5	2
Tviás með átta hjólum		16	11	8	2
Tviás með sex hjólum		13,5	9	6,5	2
Þríás með sex hjólum		16	11 ^{*3)}	8 ^{*3)}	2
Þríás með tólf hjólum		22	15 ^{*3)}	11 ^{*3)}	2
Heildarþungi samtengdra ökutækja		40^{*4)}	27	19	4

*1) Reglur samkvæmt viðauka II.

*2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 275/70R22,5. Fyrir minni hjólbarða er leyfður 4ra tonna áspungi.

*3) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 275/70R22,5. Fyrir minni hjólbarða reiknast þríás með sex hjólum sem tviás með fjórum hjólum. Þríás með tólf hjólum reiknast sem tviás með átta hjólum.

*4) Fari heildarþungi yfir 40 tonn skal dráttarþingur búin 2 sívirkum drífásum, hafa 4 hjól og loftfjaðrir á öllum ásum nema framás.

Hámarks loftþrýstingur í hjólbörðum fari ekki yfir 7 bör eða 102 psi á framás og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum á afturás. Lágmarks hjólbarðastærð er miðuð við hjólbarða á 22,5 tommu felgu.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af brautalýsingum skv. gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, sem birt var með auglýsingu nr. 661/2004. Ný brautalýsing aðalnámskrár framhaldsskóla skv. auglýsingu þessari kemur í stað texta á bls. 1670 í B-deild Stjórnartíðinda 2004 í brautalýsingum hönnunar- og handverksgreina, gull- og silfursmíði (GS9).

2. gr.

Ný brautarlýsing fyrir námsbraut í gull- og silfursmíði verður sem hér segir:

Gull- og silfursmíði (GS8)

170 ein.

Iðnnám á verknámsbraut

Gull- og silfursmíði er löggilt iðngrein. Meðalnámstími er fjögur ár og skiptist í fimm anna nám í skóla og 72 vikna starfsþjálfun á vinnustað. Meginmarkmið námsins er að nemendur verði færir um að annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málum allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru sem og að annast viðgerðir. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Almennar greinar

23 ein.

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Erlend tungumál	ENS 102 DAN 102 + 4 ein.	8 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 122	4 ein.
Lífsleikni	LKN 2 ein.	2 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211 + 1 ein.	5 ein.

Sérgreinar

75 ein.

Efnisfræði gull- og silfursmiða	EFG 102	2 ein.
Fríhendisteikning	FHT 102	2 ein.
Grunnteikning	GRT 103	3 ein.
Hönnun í gull- og silfursmíði	HÖG 103 203	6 ein.
Leturgröftur	LET 103	3 ein.
Listasaga gull- og silfursmiða	LIG 103	3 ein.
Silfursmíði	SIL 105	5 ein.
Síselering	SÍS103	3 ein.
Steinafræði	STF 102	2 ein.
Steinaísetning	STÍ 105	5 ein.
Störf og starfsumhverfi gull- og silfursmiða	STG 101	1 ein.
Tölvustudd hönnun	TÖH 103 202	5 ein.
Tölvutækni í hönnun og markaðssetningu	TÖG 102 202	4 ein.
Verkleg gull- og silfursmíði	VGS 109 204 304 404	21 ein.
Víravirki	VÍR 105	5 ein.
Val nemandaskóla		5 ein.

Starfsþjálfun 72 vikur

72 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í gull- og silfursmíði á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

Menntamálaráðuneytinu, 11. júlí 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
683	6. júlí	Auglýsing um deiliskipulag nýrrar frístundabyggðar og íbúðarsvæðis, Rangárþingi eystra	1526
684	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um fæðubótarefni, nr. 624/2004	1526
685	4. júlí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 42 og 44 við Klettaberg í Hafnarfirði	1527
686	1. júlí	Reglugerð um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða	1527-1528
687	30. júní	Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Stórholt og Háholt, á Þórshöfn, Þórshafnarhreppi	1528
688	22. júní	Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja	1529-1550
689	11. júlí	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, brautalýsingum	1551-1552

